



Þjóðhátíðarbroðs á 17. júní á Selfossi

Hátíðahöld voru víða haldin á Suðurlandi á 17. júní, en daginn bar upp á þriðjudag að þessu sinni. Þar var þess m.a. minnst að 70 ár eru frá stofnun lýðveldisins. Á Selfossi var boðið upp á hefðbundna dagskrá. Margir mættu í Miðbæjargarðinn og fylgdust með dagskránni en þar var þessi mynd tekin af þessum hressu strákum.



Fjör í Kvennahlaupinu

Kvennahlaup ÍSÍ fór fram laugardaginn 14. júní sl. í þurru og góðu veðri. Þátttaka var góð, en á Suðurlandi var auglýst hlaup á mörgum stöðum. Má þar nefna Selfoss, Sólheima,

Hveragerði, Ölfus, Hraunborgir, Þorlákshöfn, Stokkseyri, Eyrarbakka, Úthlíð, Laugarvatn, Flúðir, Hellu, Þykkvabæ, Hvolsvöll, Seljalandsfoss, Vík og Kirkjubæjarklaustur. -ög

Ellefta landsmót Fornbílaklúbbs Íslands verður haldið á Selfossi um helgina.

Hópakstur verður frá Reykjavík á föstudagskvöld, 20. júní, þar sem ekið verður um Þrengslaveg, framhjá Eyrarbakka og á Selfoss. Á dagskrá sem hefst kl. 13 á laugardag er m.a. sýning bíla, hoppukastali og lest fyrir börn, keppni fjárstýrðra bíla, vöflusala, skottmarkaður og kynning bíla.

Sýnir fornbílamódel í Bókasafni Árborgar

Hafsteinn Kristjánsson verður með sýningu á fornbílamódelum í Bókasafni Árborgar frá og með 16. júní og mun sýningin standa út mánuðinn.



Jóga í Reynisfjöru

Um næstkomandi helgi mun Signý Einarsdóttir jógakennari bjóða upp á jóga í Reynisfjöru í Mýrdal. Jógað nefnir hún *Stefnumót við himin og jörð*. Fólki gefst kostur á að finna hvernig það er að njóta jóga undir berum himni fyrir opnu Atlantshafi í

Reynisfjöru í Mýrdal, þegar sólargangurinn er lengstur dagana 20.-22. júní. Jógað verður kl. 8 að morgni og að kvöldi kl. 18.15 alla dagana og á fleiri tímum ef eftirspurn er. Fólki er hvatt til að klæða sig eftir veðri í þjál og þægileg fót. -ög

Fornbílar á Selfossi um helgina

Hafsteinn á um 60 bíla en 38 þeirra eru til sýnis á safninu. Sýningin er sett upp í tengslum

við hið árlega landsmót fornbílaeigenda sem haldið verður á Selfossi um næstu helgi. -ög



Hafsteinn Kristjánsson við nokkur fornbílamódel sem hann hefur sett saman.

SPARNADARRÁÐ



Rétt stillt hitakerfi eykur þægindi og lækkar húshitunarkostnað.

Förum yfir og stillum hitakerfi.

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Selfossi · S. 699 1985 · 772 2142

- Cabas tjónaskoðun fyrir öll tryggingafélög.
- Rúðuskipti- allar rúður í öllum gerðum bifreiða.
- Rétting og sprautun fyrir alla tegundir bifreiða.
- Traust og góð þjónusta fyrir bílinn þinn.
- Þjónusta með bílaleigubíla á staðnum.
- Fimm stjörnu verkstæði.
- Bilgreinasambands gæðavottun fyrir þjónustu



Rétting og málun ehf 480-8020

Breiðumýri 1 - Selfossi



KÓTELETTAN




Grillpartý ársins
tónlistarhátíð
Fjölskylduhátíð

TAKK FYRIR!

VIÐ ÞÖKKUM ÖLLUM EINSTAKLINGUM OG FYRIRTÆKJUM SEM TÓKU ÞÁTT Í KÓTELETTUNNI ÞETTA ÁRIÐ KÆRLEGA FYRIR. MEÐ YKKAR ÞÁTTÖKU VARÐ ÞESSI FRÁBÆRA HÁTÍÐ AÐ VERULEIKA! SJÁUMST AFTUR 12. TIL 14 JÚNÍ 2015 - Stjórn kótelettunnar



Eyravegi 32, Selfossi
Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
London - Berlín - Kaupmannahöfn

Opnum kl. 21:00
fimmtu-, föstu- og
laugardagskvöld.
Happy Hour til kl 23:00
Gildir af köldum og mojito.
Trúbadorar skemmta.

BAR

SENNILEGA BESTI BAR Í HEIMI
Eyravegi 2, Selfossi

FRÓN

heiltasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi

Eldbakaðar Rizzo pizzur, Lúxus Nachos og 2 fyrir 1 af ísköldum til 23:00 alla helgina!

Fimmtudagur
Hið sívinsæla Uppistand The Comedy Club kl 21:30
5 ískaldir í fötu á 2.500

Föstudagur
Föstudagsfiðringur með DJ NO NAME. '80-'90 tónlist í bland við vinsælustu lögin!
Þú getur unnið flöskuborð á Facebook!

Laugardagur
Meistari Andri Ramirez þeytir skífum og heldur dansgólfinu sjóðheitu! Frónskot á 500 fyrir þá sem taka snúning við barinn!

Fróken Frón opnar dyrnar kl. 21:00 og það er auðvitað frítt inn öll kvöldin!

Glæsilegur veislusalur til leigu fyrir allskonar uppakomur - hafið samband og fáið tilboð!

Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss



Gamla Borg

Hljómsveitin Brimrót skemmtir laugardagskvöldið 21. júní kl. 21-24. Opið í sumar kl. 12-17 alla daga nema mánudaga. Verið velkomin.

Samið við Pálmatré ehf. um viðbyggingu íþróttahúss á Flúðum

Tvö tilboð bárust í viðbyggingu íþróttahúss og áhaldageymslu á Flúðum. Í uppsteypu og lagnir bárust tilboð frá Pálmatré ehf. að fjárhæð kr. 28.471.840 og Jáverk ehf. að fjárhæð kr. 28.886.645. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 27.366.000. Í reisingu hússins bárust til boð frá Pálmatré ehf. að fjárhæð kr. 49.761.050 og frá Jáverk ehf. að fjárhæð kr. 32.649.584. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 28.627.400. Búið er að ganga frá samningum við Pálmatré ehf. sem mun sjá um framkvæmdirnar. Með stækkun íþróttahússins verður það um 1350 fermetrar að gólfleti og rúmar handboltavöll í löglegristærð. Áhaldageymslan verður um 180 fermetrar að stærð.

-ög

KIRKJUR ÍSLANDS



Brunnhólakirkja
Brennistein
Grafarkirkja
Hofkirkja
Kálfaflakirkja
Langhólakirkja
Preststúkkakirkja
Skaftáarkirkja
Skaftafellakirkja
Þykkvæsjarkirkja

Fríðaðar kirkjur í Skaftafellsprófastsdæmi.

Í tilefni útkomu 23. bindis í ritröðinni Kirkjur Íslands býður Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Biskupsstofa og Hið íslenska bókmenntafélag til málstofu og opunar sýningar í **Hótel Eddu Skógum** föstudaginn 20. júní kl. 16.00.

Hið íslenska bókmenntafélag

Einbýlishús óskast leigt á Hellu

Reykjagarður hf. óskar eftir því að taka á leigu einbýlishús/íbúð á Hellu fyrir starfsfólk sem væntanlegt er til starfa hjá félaginu á Hellu vegna aukinna umsvifa í framleiðslu

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Sigurð Árna Geirsson framleiðslustjóra í símanúmer 856 4454 eða á póstfanginu sigurdur@holta.is.

WWW.SELFOSSBIO.IS

SelfossBíó

KVÍRMUNDARHÚS

SÍMI: 517 7000

SÝNINGAPLAN	19.JÚNÍ	20.JÚNÍ	21.JÚNÍ	22.JÚNÍ	23.JÚNÍ	24.JÚNÍ	25.JÚNÍ
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 2 3D DOLBY DIGITAL	16:00 18:00	16:00 18:00	11, 13, 15	11, 13, 15	18:00	18:00	17:00
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 2 3D DOLBY DIGITAL	22:20	20:00	20:00	20:00			
22 JUMP STREET	20:00	22:00	22:00	22:00	22:20	22:00	
BRICK MANSIONS						20:00	
MAKE YOUR MOVE			17:00	17:00	20:00		
TRANSFORMERS: AGE OF EXTINCTION 3D							19:00 22:00

FRUMSÝNING TILBOÐ POWERSÝNING

**PÚ PASSAR HANN
VIÐ PÖSSUM ÞIG**
VELDU ÖRYGGI FYRIR ÞIG OG ÞÍNA











Ventus K115 Kynergy Dynapro











Dekkjavertæði Smurþjónusta Smávíðgerðir Hjólastillingar Bremsuklossar Rúðupurrur Rúðuvökvi Rafgeyman Peruskípti

VAXTALAUSAR
12 mánaða
AFBORGINGIR

Nánari upplýsingar
www.solning.is



SÓLNING
Renndu við

Smíðjuvegi 68-72, Rvk | Hjalharauni 4, Hfj | Fitjabraut 12, Njarðvík | Eyrauvegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2

KJÓLADAGAR

Dúndurtilboð á kjóladögum

fimmtudag - föstudag - laugardag

**Lagerhreinsun
á
útsölumarkaðinum**

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Vínbúðin Selfossi

Sumarstarf

Vínbúðin óskar eftir starfsmanni á föstudögum og laugardögum í sumar.

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið felst í þjónustu, afgreiðslu, uppstillingu á vörum og vörumóttöku.

Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Stundvísi og dugnaður
- Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri
- Sakavottorðs er krafist

Gildi Vínbúðanna eru LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum

Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Umsóknarfrestur er til og með 23.06.2014

Nánari upplýsingar veitir Birna Borg Sigurgeirsd. (selfoss@vinbudin.is / 482-2011)

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

 VÍNBUÐIN





Fjölskyldan á fjallið - Gönguverkefni HSK sumarið 2014



Vinningshafar dregnir út í haust

Nú kynnum við fimmta fjallið í Gönguverkefni HSK og Dagskrárinnar en það er Búrfell í Grímsnesi. Hægt er að afla sér upplýsinga um þau fjöll sem þegar hafa verið kynnt með því að fara inn á heimasíðu HSK.

Gönguverkefnið er þannig hugsað að í hverri viku í sumar mun Dagskráin kynna fjall vikunnar. Fjölskyldur eru hvattar til að ganga saman á fjöllin. Hægt er að ganga hvenær sem er á hvaða fjall sem er. Þeir sem vilja skrá þátttöku sína og taka þátt í léttum leik geta farið inn á heimasíðu HSK og prentað út sérstakt þátttökublað þar sem skráð eru niður nöfn göngufólks og hvenær gengið var á viðkomandi fjall. Í haust verða svo heppnir þátttakendur dregnir út og fá þeir vörutæktir í InterSport sem er stuðningsaðili verkefnisins. Þeir sem ganga á öll fjöllin, sextán að tölu, fá sérstakt viðurkenningarskjál.



Fjall vikunnar: Búrfell Grímsnesi

Búrfell er grasi gróið fjall í Grímsnesinu, 536 metra yfir sjávarmáli. Best er að ganga á fjallið frá Búfellsvegi, skammt frá bænum Búrfelli. Ef ekið er frá Selfossi er farið um Biskupstungnabraut og þaðan er farið inn á Þingvallaveg eða Sogsveg og síðan er beygt inn á Búfellsveg nr. 531. Fjallið er auðvelt uppgöngu, en gera má ráð fyrir um 2–3 tíma göngu. Ef ekið er frá Selfossi eru 18 km að Búrfelli.

Uppi á fjallinu Búrfelli er forn gígur með vatni í sem myndast hefur við þeytigos. Þjóðsögur herma að göng séu á milli gígsins á Búfellsfjalli og Kersins í Grímsnesi, og að þar búi nykur, en það er grár hestur sem hófarnir og eyrun snúa öfugt á. Ef einhver fór á bak nykursins þá hljóp hann með viðkomandi að vatninu í Kerinu eða á Búrfelli og stakk sér til sunds og drekkti þeim sem á baki var. Útsýnið af Búrfelli er frábært. Þar má sjá yfir Þingvallavatn, Sogið, Ingólfsfjall, Hengilinn, Botnssúlur, Skjaldbreiði, Lyndgalsheiði, Laugarvatn og hluta af sunnlenska fjallahringnum: Hekla, Tindfjöll, Þríhyrningur og Eyjafjallajökull.

Starfsfólk Arionbanka á Hellu tekur þátt

Starfsfólk útibús Arion banka á Hellu ætlar að taka þátt í gönguverkefni HSK. Ætlunin er að fara í fjallgöngu á miðvikudagskvöldum í sumar. Á miðvikudaginn í síðustu viku var gengið á Fagrafell og lenti hópurinn í smá þoku. Fólk lét það ekki á sig fá og er stefnan tekin á næsta fjall.

Kveðja, starfsfólk útibús Arion banka á Hellu.

Naflahlaupið í Rangárþingi eystra

Laugardaginn 21. júní nk. fer Naflahlaupið fram í Rangárþingi eystra. Fyrst var hlaupið haldið sumarið 2010 þegar fréttir af óskufjúki fylltu fjölmiðla á Íslandi hvern dag með þeim afleiðingum að fólk afbókaði gistingu í stórum stíl á svæðinu af ótta um að lenda í óskubyl. Naflahlaupið var viðleitni einstaklinga til að sýna fram á að þrátt fyrir æsifréttamenskuna væri svæðið góður kostur fyrir útivist og ferðalög og hlupu hálfmaraþon máli sínu til stuðnings. Hlaupið festist í sessi

Frá Naflahlaupinu 2013.



og nú verður hlaupið í fjórða sinn. Naflahlaupið er fyrir alla, byrjendur og lengra komna. Hægt er að velja þrjár hlaupaleiðir, 21 km, 13 km og 5 km. Nánari upplýsingar um skráningu og tímasetningar er að finna á fésbókarsíðu Naflahlaupsins 2014. Enn er tekið við skráingum og eru allir hvattir til að taka þátt, en ágóði hlaupsins hefur ætíð runnið til góðra málefna. Í ár mun ágóðinn renna til dvalarheimilisins Kirkjuhvols á Hvolsvelli.

Gáta vikunnar

Vingjarnleg hún er við allar,
auðmýking á versta hátt.
Hæfileikalitlir karlar,
lauslega er minnst á þátt.

Svar við gátu í blaði 2247: **SMÁ**

Smástrákur. Smáþjófur.
Smáfættur. Smáatriði.



ISSN 1670-407X

Prentmet - Umhverfissvottuð prentsmíðja

Útgefandi: Dagskráin, Eyraey 25, Selfossi - Sími 482 1944 - Fax 482 2835 - netfang: dagskrain@prentmet.is

Ritstj. og blaðam.: Örn Guðnason, sími 856 0672, netfang: orng@prentmet.is

Auðlýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, netfang: katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Allt efni og auðlýsingar berist í Prentmet Suðurlands, Eyraey 25, Selfossi, fyrir hádegis á þriðjudögum.

Upplag 9000 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar.

Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Prentmet Suðurlands ehf., Eyraey 25, Selfossi, sími 482 1944.



Sunnlenski matgæðingurinn



Guðbjörg Ýr Ingólfsdóttir
er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.



Fyrst og fremst vil ég þakka ofurmömmunni og skvísunni henni Sjöfn kærlega fyrir áskorunina og þessar gimulegu uppskriftir.

Ég ætla að byrja á súpu sem er vinsæl hjá minni fjölskyldu og er sérstaklega góð á haustin þegar það fer að kólna í veðri.

Kjúklingasúpa (fyrir ca. 4) Hráefni:

Olía (rétt botnfylli)

1 laukur (skorinn smátt)

2-4 Hvítlauksgeirar (fer eftir smekk manna(pressaður))

4 kjúklingabringur (skornar í munnbita)

1 litil sæt kartafla

(eða ½ stór)

Hálf askja sveppir

1 rauð paprika

Salt og pipar

1 ½ - 2 tsk karrý

1 ½ - 2 tsk taco krydd

Vatn

1-2 teningar

kjúklingakraftur

1 stór krukka salsasóa

(800gr) (styrkleikinn fer eftir hversu mikinn kraft þið

viljið í súpunu)

½ líter matreiðslurjómi

Aðferð:

Grænmeti, laukur, hvítlaukur og kjúklingur skorið niður. Laukur og hvítlaukur settur í pott ásamt olíu og hann steiktur þangað til hann verður glær. Þá er kjúklingurinn settur út í og hann kryddaður með salti, pipar, karrý og tacokryddi. Þegar kjúklingurinn er steiktur í gegn er grænmetinu bætt út í og aðeins steikt með.

Því næst er vatnið og krafturinn sett út í og látið fljóta rétt yfir grænmetinu og kjúklingnum. Þegar búið er að ná upp suðunni á vatninu er salsasósunni, og matreiðslurjómanum bætt út í og látið sjóða í 10 – 15 mín. Súpan er svo borin fram með sýrðum rjóma, guacamole, rifnum osti og snakki.

Svo er auðvitað hægt að setja það grænmeti sem maður vill og breyta og bæta eftir sínu höfði.

Ég spurði marga hvað meira ég ætti að gera og það var tvennt sem mig langaði að

gera, en þegar ég er að bjóða í afmæli þá kemur alltaf spurning hvort ég hafi ekki örugglega þessa köku, enda er hún alltaf fyrst að klárast.

Eplakakan góða.

Hráefni:

250 gr. Smjör

250 gr. Sykur

250 gr. Hveiti

2 tsk. Lyftiduft

1 tsk. Vanilludropar

4 Egg

3 Græn epli (nota líka

stundum pink lady)

Kanilsykur.

Aðferð:

Ofnin er stilltur á 180 °C.

Smjör og sykur er hrætt saman í hrærivél þar til blandan er létt og ljós, hér afhýði ég og sker eplið í báta, því næst er einu og einu eggi bætt út í og þeytt vel á milli þeirra, svo eru vanilludropunum bætt út í.

Hveiti og lyftidufti blanda saman og bætt út í blönduna, hrætt örliðið lengur. Smelluform smurt inni með smjöri og hveiti stráð yfir (svo kakan festist síður við formið).

Deiginu er hellt í formið, rétt rúmlega helmingnum af eplunum er potað niður í kökuna og afgangnum er svo raðað fallega ofan á, svo er kanilsykri stráð yfir kökuna.

(Mér finnst einnig mjög gott að smásaxa súkkulaði og marsipan og pota því með eplunum ofan í kökuna.)

Kakan er síðan bökud í 40-45 mín. Eða þangað til að prjóni sem stungið er í hana kemur hreinn upp. Kakan er svo borin fram með rjóma eða is.


Verði ykkur að góðu og takk fyrir mig.

Í lokin vil ég svo skora á hana yndislegu tengdamömmu mína, Ástu Rut Sigurðardóttir, sem er algjör snillingur í eldhúsinu. Takk fyrir mig.

Matgæðingar eru beðnir að senda uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudagsmorgni.

BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



1298
KR.KG

FJALLA ferskt
Kryddað lambalæri

NÝTT Í BÓNUS

359
kr. 454g

Amerískar Eggjahvítur 454g

2013
SLÁTRAD

1198
krónur kg.

Kaupfél. Skagfirðinga **Frosið heilt lambalæri FROSID**

2013
SLÁTRAD

1198
KR.KG

KS Lamba-Sirloinsneiðar **FROSNAK**

KJARNAFÆÐI

1598
kr 10 stk. 120g

Kjarnafæði **Frosnir**
Nautahamborgarar 10x120g

1198
kr. kg.

Bónus BBQ grill grisakótilettur

1398
kr. kg.

BÓNUS úrb. GRILL-Grisakótilettur

1698
kr. 38 þvottar

Ariel þvottaefni: 38 þvottar
45 KR. HVER ÞVOTTUR

norðanfiskur

1898
krónur kg.

Norðanfiskur Íslenskir laxabitar
beinhreinsaðir m.roði

1598
krónur kg.

BÓNUS BACON/BEIKON

129
kr. 100g

Sollu-Lífrænt **Hrískökur** 100g

195
kr. 2 ltr.

129
kr. 2 ltr.

198
kr. 300g

198
kr. 250g

195
kr. 170g

Doritos allar gerðir 170g

379
kr. 340g

Sollu-Lífrænt
Hnetusmjör 340g
GRÖFT OG FINT

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

Föstudagur 20. júní:

**Lambalæri og grísasteik
með sveppasósu og Bearnaisessósu
1579 kr.**



Tryggvagötu 40, Selfossi - Sími 482 1770

Erum á
Facebook

Gerum tjaldvagna og fellihýsi klár fyrir sumarið.

ICECOOL ehf.
Breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361



**Ljósritun
Gormun**



SJÁLFUR IS2008182653 FRÁ AUSTURKOTI

Sjálfur frá Austurkoti er til afnota heima í Austurkoti í sumar. Skráning á austurkot@austurkot.is eða í síma 897 7788 og 897 7755.

Sjálfur hlaut mjög góðann dóm í fyrra.

Sjálfur er stór og glæsilegur klárhestur með mikinn fótaborð og mikla útgeislun.

Faðir: Álfur frá Selfossi.

M: Ófelía frá Austurkoti.

Dómur Sjálfs:

Tölt 8,5 - brokk 8,5 - skeið 5 - stökk 8,5 - vilji/geð 8,5
fegurð reið 9 - fet 8 - hægt tölt 9 - hægt stökk 9,5
Hæfileikar 7,97

Höfuð 8,5 - háls/herðar/bógar 8,5 - bak og lend 7,5
samræmi 8,5 - fótagerð 8,5 - réttleiki 7,5 - hófar 8
prúðleiki 8

Sköpulag 8,26 Aðaleinkunn 8,08

Verð pr. fengna hryssu er 80.000 m. vsk.

Elinborg Sigurðardóttir nýr formaður SSK

Samband sunnlenskra kvenna hélt ársfund sinn í Gunnarshólma í Austur-Landeyjum laugardaginn 26. apríl sl. Aðildarfélög SSK eru 26 kvenfélög úr Arnes- og Rangárvallasýslum og telja um 950 félagskonur. Konur í kvenfélaginu Freyju voru gestgjafar að þessu sinni og tóku þær höfðinglega á móti fundargestum á einum fallegasta degi vorsins.

Á fundinn mættu 70 konur frá 25 kvenfélögum og Kvenfélagasambandi Íslands. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa flutti Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur og ritstjóri Húsfreyjunnar skemmtilegt erindi „Listin að lifa“. Einnig flutti, gestur fundarins, Una María Óskarsdóttir forseti Kvenfélagasambands Íslands, ávarp og lýsti ánægju með gott samstarf Sambandsins við KÍ. Hún sagði frá 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna árið 2015 og hvatti Una María kvenfélögin til að minnast þessa merka atburðar.

Kvenfélagskona ársins er valin árlega af stjórn SSK á hverju ársþingi eftir tilnefningar kvenfélaganna. Margrét Þórðardóttir á Þverlæk, frá Kvenfélaginu Einingu í Holtum, var valin kvenfélagskona ársins 2013 fyrir frábært starf í þágu kvenfélaga á Suðurlandi.

Á ársfundi SSK var samþykkt eftirfarandi tillaga, flutt af Svövu Björk Helgadóttur formanni Kvenfélagsins Freyju:



Stjórn SSK. Frá vinstri: Þórunn Ragnarsdóttir, Elinborg Sigurðardóttir, Guðrún Þóranna Jónsdóttir, Rannveig Anna Jónsdóttir, Helga Haraldsdóttir og Bryndís Snorradóttir.

86. ársfundur Sambands sunnlenskra kvenna, haldinn í Gunnarshólma laugardaginn 26. apríl 2014, samþykkir að skora á stjórnvöld að endurskoða fyrirkomulag málefna aldraðra varðandi búsetu.

Greinargerð: Öðryggi ríkir meðal eldri borgara þegar þær miklu breytingar verða í lífinu að flytjast af heimilum sínum og inná dvalar- eða hjúkrunarheimili þar sem ekki er tryggt að fólk fái búsetu í sínu sveitarfélagi eða jafnvel í sinni sýslu. Ríkjandi fyrirkomulag er ekki mannsæmandi og hefur mikil áhrif á lífsgæði þeirra sem eru í þessari stöðu.

Í stjórn SSK á síðasta ári voru: Rosemarie Brynhildur

Þorleifsdóttir formaður, Þórunn Ragnarsdóttir gjaldkeri og Guðrún Þóranna Jónsdóttir ritari. Rosemarie hættir nú sem formaður eftir 9 ára farsælt starf. Elinborg Sigurðardóttir, Kvenfélagi Biskupstungna var kjörin formaður SSK og tók hún formlega við á stjórnarskiptafundi 22. maí.

Samband sunnlenskra kvenna sendir Sunnlendingum sumarkveðjur og þakkar veittan stuðning öllum þeim sem lögðu kvenfélögunum lið á síðastliðnu ári.

Fyrir hönd SSK
Guðrún Þóranna Jónsdóttir
ritari

Seinna bindi æviminninga Sigurðar dýralæknis


Þann 2. október næstkomandi verður Sigurður Sigurðarson dýralæknir 75 ára. Af því tilefni kemur út hjá Bókautgáfunni Hólum seinna bindið af æviminningum Sigurðar og verður það jafnframt afmælisrit hans. Þar segir hann frá dýralæknisnámi sínu í Noregi, glöðu stúdentalífi og kynnum af Norðmönnum og Íslendingum.

Eftir það tók við lífið sjálft, erlissamt starf sem dýralæknir, yfirdýralæknir og vísindamaður á tilraunastöð Atvinnudeildar Háskóla Íslands á Keldum. Hann átti veigamikinn þátt í að halda í skefjum hinni illræmdu riðuveiki og vinna bug á öðrum búfjársjúkdómum með óbilandi staðfestu sinni og fagmannlegum vinnubrögðum. Viða voru

miklir hagsmunir í húfi en Sigurður hvikaði hvergi. Sitt sýndist þá hverjum og fyrir kom að dýralækninum var hótad lífláti.

En þessi ævisaga Sigurðar geymir margt fleira. Fyrir utan merkan fróðleik eru þar ógrynni sagna af skemmtilegu fólki, skemmtilegum viðburðum og fullt af galsa og kímni og skemmtilegum vísnum.

Útgefandi býður hér með vinum Sigurðar og velunnurum, öllum þeim sem vilja sýna honum sóma, að skrá sig á heillaóskaskrá, Tabula gratulatoria, sem verður í upphafi bókarinnar og gerast jafnframt áskrifendur að henni. Verð bókarinnar verður 6.480 kr. og er sendingargjaldið innifalið. Í



tilkynningu er þeir sem vilja þiggja þetta boð vinsamlegast beðnir að hafa samband við Brynjar Baldursson í netfangið brynjar@holabok.is eða í síma 698 6919.

Menningarveisla Sólheima: Balkanbandið Skuggamyndir með tónleika

Balkanbandið Skuggamyndir frá Býsans, sem flytur Þjóðlagatónlist, verður með tónleika í Sólheimakirkju laugardaginn 21. júní kl. 14:00. Hljómsveitin var stofnuð um mitt ár 2010 af þeim Hauki Gröndal og Ásgeiri Ásgeirssyni, en hljómsveitin leikur blöndu af þjóðlögum frá Balkanskaganum. Sú tónlist er annálúð fyrir mikinn tilfinningarhita, stuð og ósamhverfar takttegundir og er gríðarlega krefjandi fyrir þá sem hana flytja. Ókeypis er á allar tónleika á Menningarveislu Sólheima. Sýningarnar verða að sjálfsögðu opnar í allt sumar ásamt kaffihúsinu og versluninni Völu sem eru opin alla daga kl. 12 -18.





Jónsmessuhappdrætti Sjálfshjargar 2014



Dregið 24. júní

Gott aðgengi skiptir alla máli,
en okkur öllu máli

50 ár í hlutgreininni

brimborg

Fyrir alla fjölskylduna

Jónsmessuhátíð í Hveragerði
laugardaginn 21. júní
kl. 13 - 17
við eldstæðið
í lystigarðinum á Fosslöt.

Friar veitingar í boði styrktaraðila.
Eldbrauð, eldpopp,
piparkökur með Camembert
og appelsínudjús.

Allir geta tekið þátt í að skreyta og reisa miðsumarsstöng.

Lifandi tónlist

Hlökkum til að sjá ykkur.
Stjórn Norræna félagsins í Hveragerði

Norræna félagið

Hverabakari

Harðgerðar plöntur í úrvali

Í garðinn og við sumarbústaðinn; tré, runnar, limgerðis- og skógarplöntur.

Ölfusi, 816 Ölfus
Símar 482 1718 & 846 9776
www.kjarr.is // kjarr@islandia.is

Gróðrarstöðin Kjarr

Dómritari

Við Héraðsdóm Suðurlands er staða dómritara laus til umsóknar. Lögð er áhersla á góða íslenskukunnáttu, færni í ritvinnslu og nákvæmni í vinnubrögðum. Þá þurfa umsækjendur að hafa til að bera hæfni í mannlegum samskiptum og jafnframt er þess vænst að þeir sýni þjónustulund og ábyrgð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí nk. Ekki er sótt um á sérstökum eyðublöðum.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf 25. ágúst nk.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist skrifstofu Héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, Selfossi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg E. L. Stefánsdóttir dómritari í síma 482 1055.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Dómstjórnin við Héraðsdóm Suðurlands

Sony

HM tilboð

48" rísi á frábæru verði 199.900.-

GLÆSILEG HÖNNUN Á FRÁBÆRU VERÐI
48" 3D LED SJÓNVARP KDL48W605

- Full HD 1920 x 1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Netfengjanlegt og innbyggt WiFi

Verð 199.900

✓ STÓRT
✓ GOTT
✓ FRÁBÆRT VERÐ

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
42" LED SJÓNVARP KDL42W828

- Full HD 1920 x 1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma

Tilboð 179.990

ÖRÞUNNT OG FLOTT
46" LED SJÓNVARP KDL46R473

- Full HD 1920 x 1080 punktar
- 100 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma

Tilboð 169.900 Verð áður 229.990.-

FLOTT HEIMABIÓ MEÐ BLU-RAY
BDVEF1100

- 2.1 heimabíókerfi 150W
- Full HD Blu Ray spilari með 3D afspilun
- Innbyggt útlarp með 20 stöðva minni

Verð 49.990- Verð áður 59.990.-

Bjóðum 5 ára ábyrgð á öllum seldum Sony sjónvörpum á meðan á HM stendur

www.arvirkinn.is · Eyraeygi 32 · Selfossi · Sími 480 1160

Arvirkinn

Mikill áhugi er á LandArt verkefni á Blómum í bæ

Um tuttugu listamenn frá sex þjóðlöndum hafa skráð sig til leiks í LandArt verkefni sem mun verða hluti af dagskrá Garðyrkju- og blómasýningarinnar Blóm í bæ sem haldin verður í Hveragerði síðustu helgina í júní. Mikill áhugi er fyrir verkefninu en þátttakendur koma frá Danmörku, Hollandi, Noregi, Póllandi, Finnlandi og Belgíu en einnig ætlar fjöldi

íslenskra blómaskreyta að taka þátt í þessari spennandi nýjung. Í LandArt er unnið með landslag og listaverk af ýmsum stærðum og gerðum sem unnin eru úti í náttúrunni. Notuð eru náttúruleg efni eingöngu en unnið er til dæmis með grjót, mól, jarðveg, tré, plöntur og vatn. Listaverkin eru sköpuð í og með náttúrunni á stöðum þar sem þau geta síðan þróast og

lifað eða horfið í takt við umhverfi sitt.

Annar eins fjöldi af íslenskum blómaskreytum hefur einnig boðað komu sína til bæjarins til þess að skreyta bæinn með fjölbreytilegum hætti fyrir sýninguna, en þema hennar þetta árið er regnboginn. Gestir geta einnig notið árstíðatengdra skreytinga eins og jóla-, páska-, haust- og

sumarskreytinga og einnig verður efnt til sýningar á útfarar- og brúðarskreytingum.

Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja gera sýningu sem Blóm í bæ mögulega og meðal annars gefa hótél og gististaðir í og við Hveragerði gistingu og morgunmat fyrir alla þátttakendur í skreytingaverkefnum þessa árs.



Friðaðar kirkjur í Skaftafells-prófastsdæmi

Nýverið kom út nýtt bindi - í ritröðinni Kirkjur Íslands þar sem er fjallað um friðaðar kirkjur í Skaftafells-prófastsdæmi. Í tilefni þess býður Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Biskupsstofa og Hið íslenska bókmenntafélag til málstofu og opunar sýningar í Hótel Eddu Skógum föstudaginn 20. júní kl. 16.00. Hótel Edda Skógum er rekin í hinum rómaða héraðsskóla sem teiknaður var af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins.

Á málstofunni mun Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt og ritstjóri, fjalla um kirkjur Íslands, Þórður Tómasson, safnvörður, um guðshús í Mýrdal, Guðmundur L. Hafsteinsson, arkitekt og safnvörður húsasafns Þjóðminjasafns, um friðaðar kirkjur í Skaftafellsprófastsdæmi og Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, sérfræðingur í munasafni Þjóðminjasafns, um nokkra gripi, forna og nýja, í kirkjum í Skaftafellsprófastsdæmi. Að erindum loknum mun séra Halldóra J. Þorvarðardóttir prófastur opna sýningu um kirkjur, gripi og minningarmörk sem byggir á ritverkinu. Fundarstjóri er Sverrir Magnússon forstöðumaður Bygðasafnsins í Skógum.

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á

Íslandi þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfraði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum. Kirkjur Íslands eru vandaðar og glæsilegar bækur sem opna sýn inn í mikilvægan þátt í íslenskri menningarsögu. Til útgáfunnar var stofnað í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi. Áætlað er að bókaflokkurinn verði 28 bindi og útgáfunni ljúki 2016.

Að útgáfunni standa Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Biskupsstofa. Meðútgefandi og dreifingaraðili er Hið íslenska bókmenntafélag.

Allir eru velkomnir til málstofu og opunar sýningar föstudaginn 20. júní klukkan 16:00 að Hótel Eddu Skógum.



Heklaður hurðastoppari

Hér áður fyrr þótti einkar fínt að eiga fallegan hurðastoppa sem skotið var í kverkina á dyrum til að halda hurðum opnum. Hurðastopparar eru fremur sjaldséðir nu til dags, en þeir sem eiga stoppara finnst hann mesta þarfapíng.

Í dag gefum við hugmynd að litfögum hurðastoppa sem sómir sér vel t.d. til að halda dyrunum út á pall opnum. Grunnhugmyndin er steinn, fallega skreyttur handverki. Nota má hvernig stein sem er eða jafnvel múrstein en gott er að velja þungan stein. Við heklum utan um steininn að þessu sinni en fólk hefur líka bróðerað utan um þá eða þrjónað. Þar sem þessi steinn verður hafður bæði úti og inni og mest notaður á sumrin, völdum við litríkt garn sem fæst í nokkrum litum í Hannyrðabúðinni á Selfossi. Garnið er þykkt og slitsterkt þannig að það spænist síður í sundur þegar steininum er ýtt fram og til baka og til að koma í veg fyrir að steinninn rispi gólfið.

Best er að byrja á að hekla dúllu, stinga henni í vasann og fara svo í steinaleit. Þá er hægt að máta dúlluna við steininn svo að þau passi hvort við annað. Við fórum í fjöru, fundum fallegan rúnnaðan stein, þrífum hann og þvoðum. Hekluðum svo aðra dúllu og saumuðum þær saman utan um steininn.

Þessa dúllu má að sjálfsögðu líka nota í annað svo sem teppi eða púða eða hvað sem ykkur dettur í hug.


Efni: Hawaii bómullarblanda, heklunál nr. 5.

Skammstafanir: ll - loftlykkja, kl - keðjulykkja, fl - fastalykkja, hst - hálfstuðull, st - stuðull, tst - tvöfaldur stuðull.

Heklið tvær dúllur samkvæmt myndinni. Byrjað er í miðju dúllunnar með 6 ll sem tengdar eru saman með kl. 3 ll mynda fyrsta tst í annarri umferð. Heklið áfram eins og myndin sýnir og færð ykkur milli umferða með kl.

Skiljið eftir u.þ.b. 50 sm enda við lok hvorrar dúllu. Leggið aðra þeirra undir steininn og hina yfir hann. Hliðrið og snúið dúllunum svo að þær falli fallega að steininum. Saumið dúllurnar saman. Það má alveg gera svolítið frjálsslega, jafnvel þarf að hafa nokkur spor vel teygð svo að dúllurnar nái utan um steininn. Gott er að festa hornin fyrst saman og svo hliðarnar. Ekki hafa áhyggjur þó að þetta virðist svolítið „köntótt“, það jafnar sig fljótt eftir að steinninn er kominn í notkun.

Svo er um að gera að leyfa hugmyndafluginu að geysast af stað og útbúa fjölbreytta, litskrúðuga hurðastoppa sem um leið eru heimilisprýði.



Hallgrímsstofa opnuð í Kaupfélagssafninu á Hvolsvelli

Þann 7. júní sl. var Hallgrímsstofa opnuð í Kaupfélagssafninu á Hvolsvelli, en það safn er staðsett í Sögusetrinu. Afkomendur Hallgríms Kristinssonar, fyrsta forstjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga, hafa átt veg og vanda að stofunni og borið kostnað af. Þar hefur Drífa Pálsdóttir verið aðal drifkrafturinn ásamt frænda sínum, Brynjólfi Ingvarsyni. Björn G. Björnsson, leikmynda- og sýningahönnuð, sá um hönnun og uppsetningu.

Opnuninni var fagnað á veglegan hátt og færði Ísólfrur



Drífa Pálsdóttir ásamt Ísólfr Pálmasoni

Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra, Drífu blómvönd frá sveitarfélaginu í tilefni dagsins.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Capacent Ráðningar

SVEITARSTJÓRI



Flóahreppur leitar að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf sveitarstjóra.

Starfslýsing:

- Framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og hagsmunagæsla þess
- Sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, reglugerðum og samþykktum
- Vinna við framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af sveitarstjórn
- Yfirstjórn starfsmannamála hjá sveitarfélaginu
- Yfirumsjón með rekstri og bókhaldi sveitarfélagsins
- Samskipti við stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Menntun í opinberri stjórnsýslu æskileg
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking á bókhaldi og ársreikningum æskileg
- Reynsla af sveitarstjórnarstörfum æskileg
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, drift og geta til ákvarðanatöku

Sveitarfélagið Flóahreppur varð til við sameiningarkosningar 11. febrúar 2006 þegar íbúar þriggja hreppa, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps samþykktu sameiningu. Áður höfðu grunnskólar og leikskólar hreppanna þriggja sameinast í einn grunnskóla, Flóaskóla sem staðsettur er í Villingaholti og einn leikskóla, Krakkaborg sem staðsettur er í Þingborg. Sjá nánar um sveitarfélagið á www.floahreppur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent



Frí

sólgler með styrkleika
fylgja kaupum á gleraugum

MJÓÐDIN
Álfabakka 14
Sími 587 2123

FJÖRDUR
Fjarðargötu 13-15
Sími 555 4789

SELFÖSS
Austurvegi 4
Sími 482 3949



augastaður

Gleraugnaverslunin þín

Býr til perlufestar úr Dagskránni

Þórunn Guðnadóttir hefur undanfarið dundað sér við að búa til perlufestar úr Dagskránni. Hún klippir blaðið niður í ræmur eftir ákveðinni aðferð. Síðan rúllar hún ræmunum upp á tannstongla og lakkar þá svo nokkrum sinnum. Þannig býr hún til perlur sem hún þræðir upp á nælonþráð eða teygju ef hún er að gera armbönd. Þórunn sagði að auglýsingarnar frá Bónus og Landsbankanum væru sérstaklega góðar til að búa til gular og dökkbláar perlur.

Þórunn er í handavinnuklúbbi hjá Rauða krossinum en þar hittist fólk reglulega og fönðrar

ýmislegt saman, mest sér til ánægju. -ög



Þórunn Guðnadóttir með perlur, perlufestar og armband sem hún býr til úr Dagskránni.

Að vinna, hvað er nú það?

Ef þú ert að hefja vinnu á vinnumarkaði skaltu aðeins doka við og lesa þessa grein. Hún er ekki löng en getur gefið þér smá innsýn í við hverju þú mátt búiast. Fyrstu sporin þar geta verið nokkuð snúin allavega í upphafi, en mundu að þú ert ekki einn á báti þar, margir hafa lent í einhverjum vandamálum í byrjun.

Í upphafi er kannski rétt að við gerum okkur grein fyrir því að vinna er eins og verslun. Þú ert seljandinn og selur vinnuframlag þitt og þekkingu eftir atvikum, en vinnuveitandinn er kaupandinn og kaupir af þér vinnuframlag þitt. Allir samningar virka í báðar áttir þ.e. það eru skyldur og réttindi sem báðir aðilar þurfa að fara eftir. Þú verður t.d. að mæta á umsómdum tíma á morgnana. Þú verður að láta vita strax ef þú kemst ekki til vinnu vegna veikinda. Þú mátt ekki hætta í vinnunni þegar þér sýnist bara af því hún er leiðinleg, þar gilda reglur um uppsagnarfrest. Þú verður að vera reiðubúinn að vinna eins vel og þú getur. Þú verður að vera meðvitaður um þær hættur sem geta steðjað að á vinnustað þínum o.frv. Vinnuveitanda þínum ber að upplýsa þig um starfð og hvers er krafist af þér og í stórum dráttum hvernig verkin skulu unnin. Honum er skilt að gera við þig ráðningarsamning þar sem fram kemur hver kjör þín og laun eru. Þar á að koma fram ráðningartíminn, starfshlutfall, eftir hvaða kjarasamningi er unnið. Það er mikið öryggi í því fylgi að hafa ráðningarsamning ef upp koma mál sem þarf að leysa úr.

Kjarasamningar eru til þess gerðir að tryggja þér lágmarksréttindi, þú getur samið um hærri laun en kjarasamningar segja til um, því launatöflur eru aðeins lágmarks laun og undir þau má enginn

Gísli Einarsson

Höfundur er form. Verslunarmannafélags Suðurlands



fara. Þú ert slysatryggður og virkar sú trygging frá fyrsta starfsdegi. Vinnuslys teljast slys sem verða á vinnustað eða á beinni leið heim eða til vinnu. Svo er áunninn réttur sem er trygging ef þú verður veikur og safnast hann upp eftir ákveðnum reglum. Þessi veikindaréttur er álika og kaskótrygging á bíl, þar færðu greitt ef bíllinn verður fyrir tjóni, en að sjálfsögðu ekki ef ekkert hefur komið fyrir. Líkt er með veikindaréttinn hann fæst aðeins nýttur ef raunveruleg veikindi eru til staðar. Þetta má aldrei misnota því þetta er sjóður sem er okkur nauðsynlegur ef eitthvað kemur uppá.

Ef þú uppfyllir öll þau skilyrði sem um var samið í upphafi við vinnuveitandann ber honum að standa við sína hlið málsins að greiða laun á réttum tíma, greiða öll þau gjöld sem honum ber samkvæmt lögum og samningum. Það skiptir miklu máli að þú standir þig vel í vinnunni því þá áttu miklu meiri möguleika að fá aftur vinnu næsta sumar og orðspor þitt er alveg ótrúlega fljótt að berast út hvort sem það er gott eða slæmt. Fyrir alla muni geymdu launaseðlana þína, þeir segja nefnilega til um margt annað en útborguð laun þín. Ef þú ert í vafa um réttindi þín skaltu ekki hika við að hafa samband við verkafélög til að fá upplýsingar.

Gleðilegt sumar og hafðu það gott í vinnunni.

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2014

Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2014. Ferðirnar eru alls átta talsins. Sex þeirra munu verða á þriðjudagskvöldum og tvær þeirra eru dagsöngur á laugardegi. Við byrjum gönguferðir sumarsins á söguferð um slóðir Fjalla Eyvindar en árið 2014 er ár Fjalla- Eyvindar í Hrunamannahreppi, í tilefni þess að í ár eru 300 ár síðan Eyvindur fæddist í Hlíð í Hrunamannahreppi. Við vonum að þið komið og njótið fallegrar náttúru og skemmtilegrar leiðsagnar hjá heimaþólki. - Allir eru hjartanlega velkomnir.



1. FERÐ 21. júní. Dagsganga kl. 13.00

Fjalla Eyvindur - söguferð.

Ferðalangar hittast við brúna yfir Fossá við Hlíð.

Gengið er að bæjarstæðinu í Hlíð, en í Hlíð fæddist Fjalla Eyvindur. Genginn er svo slóði fram að byrgi Eyvindar í Skipholtsfjalli. Á meðan á göngunni stendur verður saga Fjalla Eyvindar sögð í stórum dráttum. Áætlaður göngutími er 4 klst. Fararstjórar: Sigríður Jónsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir Fossi.

2. FERÐ 1. júlí. Kvöldganga kl. 20.00 Miðfell

Ferðalangar hittast við bæinn Miðfell og gengið er þaðan upp á fellið. Af fellinu er mikið útsýni. Sú trú er að í Miðfellsvatni, sem er uppi á fellinu, sé nykur. Gangan er frekar brött en nokkuð auðveld og hafa allir aldurshópar farið á fellið. Margir hafa gengið á fellið en ekkert jafnast á við að fara þar upp með heimamanni sem getur frætt mann um fellið og nágrenni þess á leiðinni. Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjóri: Áslaug Bjarnadóttir, Miðfelli.

3. FERÐ 8. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Bryðjuholt-Ásaganga

Lagt er af stað frá hlaðinu í Bryðjuholti. Gengið upp á Bæjarásinn upp að skógræktargirðingu og virt fyrir sér útsýnið. Þaðan er haldið í austur og gengið eftir Bryðjuholtsmúla, niður á Kongsveg og aftur til baka upp á hlað í Bryðjuholti. Áætlaður göngutími 2-3 klst.

Fararstjórar: Þórunn Andrésdóttir og Samúel U., Bryðjuholti.

4. FERÐ 15. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Langholtsfjall – Tæpastigur - Álfaskeið.

Gengið frá Golfskálanum Ásatúni, göturnar austan undir Langholtsfjalli. Eftir þægilegt þramm á reiðgötum er gengið upp eftir Tæpastíg og komið á hinn þekhta samkomustað Álfaskeið. Þaðan er haldið áfram upp að sjónvarpsmöstrunum en þaðan er frábært útsýni til allra átta. Þaðan er síðan haldið aftur niður að Golfskálanum í Snússu.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjóri: Guðbjörg Jóhannsdóttir, Ásatúni.

5. FERÐ 22. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Gullfoss-Hamarsholt.

Gangan hefst hjá gönguleiðaskiltinu inni á Tungufellsdal. Þangað er akfær malarvegur. Gengið hjá eyðibýlinu Hamarsholti og þaðan niður að Gullfossi. Mjög gaman er að koma að fossinum austan megin en við blasir allt annar foss.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjóri: Baldur Örn Samúelsson, Bryðjuholti.

6. FERÐ 29. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Flúðir-Túnsberg.

Lagt er af stað frá Félagsheimilinu á Flúðum. Gengið uppá Högnastaðaás og svo niður í gömlu réttirnar við Túnsberg og svo eru gengnar eyrar Litlu Laxár til baka að Flúðum.

Áætlaður göngutími 2-3 klst.

Fararstjóri: Magga Brynjólfsdóttir, Túnsbergi.

7. FERÐ 5. ágúst. Kvöldganga kl. 20. 00

Byrgi Fjalla Eyvindar.

Farin heimreiðin að Fossi og þar ekinn vegurinn að Jötu. Upphaf göngunnar er við skilti um Fjalla-Eyvind. Gengið fram Skipholtsfjall að byrgi Fjalla-Eyvindar.

Áætlaður göngutími um 2 klst.

Fararstjóri: Halldóra Hjörleifsdóttir, Fossi.

8. FERÐ ágúst. Dagsganga

Stóru - Laxárgljúfur.

Ekið er inn í afrétt og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufergurð. Endað er við Hrunakrók. Ögleymanleg ganga. Gangan er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit, menn-ingarklasa uppsveita Árnessýslu. Panta þarf í þessa ferð þar sem keyra þarf göngufólk inn á afrétt. Kostnaður við þessa ferð er 5000 kr. fyrir akstri og leiðsögn. Nánari upplýsingar um tímasetningu koma þegar nær dregur og verða settar á fésbókarsíðu gönguferða og Upplits, www.sveitir.is, www.fludir.is, www.upplit.is Gangan tekur ca. 8 klst.

Fararstjóri: Anna Ásmundsdóttir, Stóru Mástungu.



Sunnulækjarskóli Selfossi

Staða umsjónarkennara á yngsta stigi er laus til umsóknar

Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans:
<http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsóknarfrestur er til 19. júní 2014.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólustjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulaekjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólustjóri



**Ljósritun og gormun
meðan beðið er!**


NÁTTHAGI

Harðgerð tré og runnar fyrir garða og skógrækt



Úrval dekurplantna:

- | Alparósir
- | Klifurplöntur
- | Rósir
- | Sígrænar runnar
- | Ávaxtatré
- | Berjarunnar



Finnst okkur á Facebook

Opíð kl. 10:00 - 19:00 frá sumardegnum fyrsta og fram á haust.



NÁTTTHAGI
Sími 483 4840 | GSM 698 4840
Heimasíða: www.nattthagi.is
Netfang: nattthagi@centrum.is
Ólafur Níjalsson garðvirkisérfræðingur

Heima er best



10% afsláttur
Holta kjúklingaleggir í Texasryddlegi
898 kr. kg
verð áður 998

13% afsláttur
Góða lambalæri frosið
1499 kr. kg
verð áður 1725

10% afsláttur
SS kryddlegar lærissneiðar
3328 kr. kg
verð áður 3698

10% afsláttur
Þykkvabæjar kartöflusalat með lauk og graslaug, 400 g
469 kr. pk.

16% afsláttur
Sól appelsínusafi, 800 ml
298 kr. stk.
verð áður 359

39% afsláttur
Vatns melóna
199 kr. kg
verð áður 329

15% afsláttur
Coke, Coke light og Coke zero ferðafélaginn, 12x33 cl dósir
998 kr. kassinn
verð áður 1176

20% afsláttur
Appolo lakkriskonfekt, 300 g
315 kr. pk.
verð áður 395

15% afsláttur
Stjörnusnakk, osta- og paprikustjörnur
269 kr. pk.

20% afsláttur
Lambi WC pappír, 12 rúllur í pk.
1299 kr. pk.

Sjá opnunartíma á www.kjarval.is
Klaustur // Vík // Hvalsvíllur // Hella // Þorlákshöfn // Vestmannaeyjar

Blómatónleikar í Þorlákshöfn

Mánudaginn 23. júní kl. 20:00 verður efnt til blómatónleika í Þorlákshöfn. Fram koma Einar Clausen, söngvari og Arnhildur Valgarðsdóttir, píanóleikari.

Bæði hafa þau starfað lengi við tónlist og komið víða fram og hafa leiðir þeirra gjarnan legið saman við athafnasöng í kirkjum landsins. Þau ákváðu að búa til tónleikadagskrá til-einkaða blómum.

Blóm gegna mikilvægu hlutverki, bæði í náttúrunni en einnig í táknmáli tilfinninga. Á hátíðarstundum, þegar sorgin knýr dyra eða þegar ástarloginn brennur, þá látum við blómin tala. Við tölum líka um lífsblómið, blómstrið eina hans Hallgríms Péturssonar og blómarósir svo dæmi séu tekin,



Arnhildur Valgarðsdóttir



Einar Clausen

blómálíkingamálið á Íslandi er frjósamt og fjölskrúðlegt.

Í samræmi við fjölbreytileika náttúrunnar kennir og ýmissa grasa í efnisskrá tónleikanna. Öll fjalla lögin um blóm, nefna má t.d. Liljuna, Fífilinn, Fjóluna og Rósina. Einar, hinn ástsæli og fjölbreyti söngvari, bregður fyrir sig ýmsum tungumálum

svo sem þýsku, frönsku, fær-eysku, ensku og íslensku.

Einar og Arnhildur eru bæði þekkt fyrir hlýlega og skemmtilega sviðsframkomu og hlakka þau til að fá að leiða áheyrndur í gegnum blómagarð söngvanna. Tónleikarnir hefjast sem fyrr segir klukkan 20:00 og er aðgangseyrir 2.000 krónur.

Mikið að gera á lokadögum í Grunnskólanum á Hellu

Sú nýbreytni var á lokadögum Grunnskólans á Hellu að farið var í verkefni sem fékk nafnið Bæjarhellan. Stofnað var lítið hagkerfi innan veggja grunnskólans. Byrjað var á að kjósa nemendur úr 6.-9. bekk í Bæjarráð ásamt tveimur kennurum og bæjarstjóra Eyðisi Hrönn Tómasdóttur, en þetta er lokaverkefni hennar við Háskóla Íslands. Samkeppni var síðan haldin um merki Bæjarhellunnar, nemendur sendu inn hugmyndir sem Bæjarráðið valdi svo úr. Nemendur sóttu um vinnu og gátu valið um atvinnu á 12 starfstöðvum. Margt var í boði s.s. vinna á kaffihúsi, skartgripagerð, gróðrastöð, listmunagerð ýmis konar og margt fleira. Stöðvunum var stjórnað af kennurum og foreldrum. Vinnan fór fram dagana 19.-22. maí. Síðasta daginn var markaðsdagur þar sem foreldrar og gestir gátu keypt sig inn í hagkerfið og verslað á vinnustöðvunum. Allir voru sammála um að mjög vel hefði tekist til og þetta verði sannarlega endurtekið að ári.

Vistheimtarverkefni

Annað verkefni sem grunnskólinn tók þátt í á vordögum var vistheimtarverkefni, samstarfsverkefni Landverndar og Landgræðslu ríkisins. Þrír skólar á Suðurlandi auk Grunnskólans á Hellu taka þátt í þessu verkefni þ.e. Hvolsskóli og Þjórsárskóli. Verkefninu er ætlað að auka skilning nemenda á ýmsum stórum umhverfismálum með því að vinna með þeim í vistheimt, en vistheimt tekur á vandamálum tengdum gróður- og jarðvegseyðingu, líffræðilegum fjölbreytileika og loftslagsbreytingum. Föstudaginn 23. maí fór 5. bekkur út á svæði sem skólanum hafði verið úthlutað frá Landgræðslunni og er á söndunum fyrir ofan Hellu. Þar voru skipulagðar tilraunir lagðar út og aðgerðum komið í rétta reiti. Á meðal aðgerða voru áburðargjöf, hestaskítur, molta og melgresi. Í haust verður síðan svæðið tekið út og unnið úr niðurstöðum ásamt áframhaldandi vistheimt á svæðinu.

Í vor fór skólinn í úttekt Landverndar vegna Grænfánans og fær skólinn fánann afhentan í þriðja sinn við skólasetningu næsta haust.



Bryggjuhátiðin verður haldin dagana 18.-20. júlí



Bryggjuhátiðin á Stokkseyri verður haldin að vanda helgina 18. til 20. júlí. Verið er að leggja lokahönd á dagskrá hátíðarinnar sem verður öll hin glæsilegasta. Hátiðin verður sett föstudagskvöldið 18. júlí með uppákomum og bryggjusöng. Laugardaginn 19. júlí verður boðið upp á margvíslega skemmtun og afþreyingu. Tónlistaratriði skemmta gestum og tívoli verður á staðnum, auk annarra viðburða fyrir unga sem aldna. Þá munu valdir fulltrúar úr hverfum þorpsins takast á um titilinn Þorparinn 2014. Hátiðinni verður síðan slitið sunnudaginn 20. júlí með peysufatamessu á bryggjunni auk þess

sem vonir standa til að útljáð verði áralöng deila um bestu pönnukökur Stokkseyrar.

Stokkseyri skartar fjölbreyttri menningu, náttúru og einstöku dýralífi. Bryggjuhátiðin veitir einstakt tækifæri fyrir fjölskyldur og einstaklinga til að upplifa fjölskrúðugt fuglalíf og ævintýraheim fjörunnar. Tækifæri til að ræða við kunnna listamenn og upplifa vinnustofur þeirra og umhverfi eða skoða söfn þorpsins þar sem þjóðsögur, munnmæli og ævintýri verða áþreifanleg og sýnileg. Bryggjuhátiðin er brú til brottfluttra, og landsmanna allra, til að upplifa Stokkseyri og gleðjast með íbúum þorpsins.

Lengi býr að fyrstu gerð

Börn og starfsfólk á leikskólanum Heklukoti á Hellu hafa haft í nægu að snúast á liðandi skólaári. Í byrjun skólaárs var ákveðið að ýta úr vör þróunarverkefninu „Lengi býr að fyrstu gerð“ en það verkefni felur meðal annars í sér samvinnu milli leikskóla, barna, foreldra og nærsamfélagsins. Verkefnið var unnið með fyrirtækinu SAGE gardens sem sérhæfir sig í gerð og hönnun náttúrulegra leiksvæða. Á haustmánuðum var verkefnið kynnt fyrir öllum þátttakendum þar sem hver og einn átti að hugsa sér sína draumaleikskólalóð. Var þetta gert í vinnusmiðjum og fengu allir frjálssar hendur með sína hönnun. Hugmyndum var svo safnað saman og hafðar til hliðsjónar við gerð teikninga af nýrri leikskólalóð.

Ákveðið var að hafa fyrri hluta framkvæmdadaga, helgina 24.-25. maí þar sem foreldrar og aðrir velunnarar leikskólans voru hvattir til að koma og leggja hönd á plóg. Þátttakendur létu sitt ekki eftir liggja og tók útileiksvæðið miklum breytingum þessa helgi. Áætlað er að halda áfram með framkvæmdir að sumarleyfi loknu. Þess má til gamans geta að leikskólinn fékk afhentan Grænfánann í annað sinn og átti það sérstaklega vel við þessa helgi þar sem uppbygging, líf og fjör voru allsráðandi. Við viljum þakka öllum þeim sem hjálpuðu til á einn eða annan hátt.

Fyrir hönd barna og starfsfólks á Heklukoti, Sigríð Oddsdóttir





Atvinna Afgreiðsludeild

Kjúklingasláturhús Reykjagarðs hf. á Hellu óskar nú þegar að ráða starfsmenn í afgreiðsludeild félagsins á Hellu við að hafa umsjón með tiltekt í pantanir og er um að ræða vaktarvinnu.

Við óskum að ráða starfsmenn sem eru hraustir, duglegir og ábyrgðarfullir og er tölvufærni æskileg.

Um er að ræða framtíðarstarf í 100% starfshlutfalli.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2014.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Árni Geirsson framleiðslustjóri í síma 856 4454 eða á póstfanginu sigurdur@holta.is



Einbýlishús til sölu

Einbýlishúsið að Nestúni 17, Hellu, Rangárþingi ytra, er til sölu.

Í húsinu eru fjögur herbergi, stofa, eldhús, baðherbergi, þvottahús og búr.

Nánari upplýsingar í síma 857 5984.

Skráning hafin í tónlistarsmiðju á Kirkjubæjarklaustri

Helgina 28.-29. júní bjóða Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri - Sönghátíð upp á spennandi, menntandi og skemmtilega tónlistarsmiðju fyrir 5-12 ára börn. Þau munu fara í tónlistarleiki, spinna og taka svo þátt í tónleikum með tónlistarmönnum Kammertón-

leika á Kirkjubæjarklaustri sunnudaginn 29. júní. Stjórnandi er Gunnar Ben úr Skálmöld. Þátttaka er ókeypis. Skráning fer fram í netfanginu kammertonleikar@gmail.com. Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.kammertonleikar.is.



Ókeypis veitingar og lifandi tónlist á laugardaginn

Norræna félagið í Hveragerði verður með Jónsmessuhátíð laugardaginn 21. júní kl. 13-17 við eldstæðið í lystigarðinum á Fosslöt. Aðalfundur félagsins hefst á sama stað kl. 17.

Á Jónsmessuhátíðinni verður boðið upp á eldbrauð, eldpopp, piparkök með Camembert og appelsínudjús, ásamt lifandi tónlist. Kl. 14 koma 10-13 ára krakkar og dansa fyrir okkur, en þau verða nýkomin af þriggja daga dansnámskeiði á laugardaginn. Allir sem vilja geta tekið



þátt í að skreyta og reisa miðsumarsstöng.

Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta í gleðina.

*Bestu kveðjur,
Stjórn Norræna félagsins í
Hveragerði*

Hjarta-^{75 mg} Aspirín

**Hjartasjúkdómar
Ert þú í áhættuhópi?**

**20%
afsláttur
í júní**



LYFIS
Trúast í lyfjum

Fræðsla

Hjarta-Aspirín inniheldur asetýlsalícýlsýru, sem í litlum skömmtum tilheyrir flokki lyfja sem hindra samloðun blóðflagna. Blóðflögur eru örsmáar frumur í blóðinu sem valda því að blóðið storknar og taka þátt í segamyndun. Þegar blóðtappi myndast í slagæð kemur hann í veg fyrir blóðstreymi og hindrar súrefnisflutning. Þegar þetta gerist í hjartanu getur það valdið hjartaáfalli eða hjartaöng; í heilanum getur þetta valdið heilablóðfalli.



Notkunarsvið: Hjarta-Aspirín er notað til að minnka hættu á að blóðtappar myndist og fyrirbyggja þannig hjartaáfall, heilablóðfall eða vandamál í hjarta og æðum hjá sjúklingum með hjartaöng. Hjarta-Aspirín er einnig notað til að koma í veg fyrir myndun blóðtappa eftir ákveðnar tegundir hjartaáðgerða. **Ekki má nota Hjarta-Aspirín:** Ef um er að ræða ófnæmi fyrir asetýlsalícýlsýru eða einhverju öðru innihaldsefni lyfisins, ófnæmi fyrir öðrum salícýlötum eða bölgueyðandi gigtarlyfjum. Ef þú hefur fengið astmakast, eða þrota á ákveðnum svæðum á líkamanum, eftir töku salícýlata eða bölgueyðandi gigtarlyfja. Ef þú ert með eða hefur verið með sár í maga eða smáþörmum eða einhverja aðra tegund blæðingar, svo sem heilablóðfall. Ef þú hefur einhvern tíma verið með blóðstorknunarvandamál. Ef þú ert með alvarleg lífrar- eða nýrnavandamál. Ef þú ert að nota lyf sem kallast methotrexat í skammti sem er stærri en 15 mg á viku. **Varnaðaröð og varúðarreglur:** Leitið ráða hjá læknum áður en Hjarta-Aspirín er notað ef þú ert með; nýrna-, lífrar- eða hjartavandamál, hefur einhvern tíma verið með vandamál í maga eða smáþörmum, ert með háan blóðþrýsting, ert með astma, trjúrkornaofnæmi, sepa í nef eða annan langvinnan sjúkdóm í öndunarferum, hefur verið með þvagsyrugigt eða færð miklar tilbálæðingar. Láttu lækinn vita ef þú þarft að fara í aðgerð. Ekki ætlað börnum yngri en 16 ára. Gæta skal þess að ofþorna ekki þar sem notkun asetýlsalícýlsýru við slíkar aðstæður getur valdið skerðingu á nýrnastariseimi. **Meðganga og brjóstgjaf:** Leita skal ráða hjá læknum áður en lyfið er notað. **Skömmtun:** Fullorðnir: Til að fyrirbyggja hjartaáfall, hjarta- og æðasjúkdóma hjá sjúklingum með hjartaöng eða blóðtappa eftir ákveðnar tegundir hjartaáðgerða er ráðlagður skammtur er 75-160 mg einu sinni á dag. Til að fyrirbyggja heilablóðfall er ráðlagður skammtur er 75-325 mg einu sinni á dag. **Aldraðir:** Eins og hjá fullorðnum. **Algengar aukaverkanir:** meltingartruflanir, aukin blæðingartilhneiging. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Febrúar 2013.

www.lyfogeilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Skólaslit í Vallaskóla - útskrift 10. bekkjar

Útskrift nemenda í 10. bekk í Vallaskóla fór fram föstudaginn 6. júní sl. að viðstöddum fjölskyldum og vinum þeirra. Það var árgangur 1998 sem var að kveðja skólann. Alls útskrifuðust 65 nemendur úr Vallaskóla. Tíu nemendur í þessum hópi luku grunnskóla-göngu sinni um seinustu áramót

og hófu þá nám á framhalds-skólastigi við Fjölbautaskóla Suðurlands. Fyrir hönd starfs-fólks Vallaskóla þakkaði Guðbjartur Ólason, skólastjóri, nemendum í 10. RS, 10. SAG og 10. SHJ fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óskaði þeim velfarnaðar og blessunar í framtíðinni.



Aron Óli Lúðvíkssyni fékk viðurkenningu fyrir góðan heildarárangur á grunnskólaprófi.



Frá útskrift nemenda í 10. bekk Vallaskóla.

Skólastarfið í Vallaskóla var með hefðbundnum hætti í vetur hjá 529 nemendum, enda þótt hvert ár beri að vísu ætíð sitt sérstaka svipmót. Fimmtudaginn 5. júní voru skólaslit í 1.-9. bekk, allt gert með formlegri dagskrá í íþróttasal skólans, og ánægjulegt að sjá börnin koma í fylgd foreldra sinna í vorblíðunni. Sumarfrið er framundan hjá þeim þangað til að nýtt skólaár hefst í ágúst.

Starf Lionsklúbbs Hveragerðis starfsárið 2013-2014

Starfsárið hófst með miklum skrafti skömmu eftir að ný stjórn tók við völdum og var sumarið nýtt til að sinna verkefnum klúbbsins. Áður hafði verið tekin ákvörðun um að gefa út stórt og veglegt blað um starfsemi hans síðustu ár. Blaðanefndin vann að fullum skrafti að útgáfumálum sumarið 2013 undir stjórn öflugsrítstjóra, Vilmundar Kristjánssonar, og kom blaðið út haustið 2013. Einnig var vegvísanefndin að störfum sumarið 2013 og reisti tvö ný upplýsingaskilti við innkeyrslur í bæinn.

Að venju var vetrarstarfið metnaðarfullt og voru fundir haldnir að jafnaði annan og fjórða mánudag í mánuði. Annar hver fundur var haldinn á Hoflandi þar sem félagar borðuðu saman en á þeim var eldaður stórglæsilegur matur og mega rekstaraðilar eiga miklar þakkir fyrir. Stjórnin lagði áherslu á rækta heimabyggðina. Fyrsti fundur vetrarins var haldinn Undir Hamrinum í



Axel Wolfram afhendir Melvin Jones skjöld til handa Sigurði Sigurdórssyni og Erni Guðjónssyni. Axel Wolfram var gerður að Melvin Jones félagi seinasta haust

Hveragerði á degi íslenskrar tungu. Þemað var í anda dagsins þar sem kynnt var útiðstaða Grunnskólans og saga náttúru Hveragerðis frá upphafi landmótunnar. Konurnar í Lionsklúbbum Eden í Hveragerði voru heimsóttar á haustfund. Á einum fundinum var farið í heimsókn í nýja uppblásna íþróttahúsið. Einnig var á starfstímabilinu verksmiðjan

Fengur í Hveragerði heimsótt og verksmiðjan Fagus í Þorlákshöfn.

Eitt fyrsta mál haustsins var að undirbúa tónleika í Hveragerðiskirkju sem haldnir voru 6. nóvember 2013. Tónleikarnir tókust í alla staði frábærlega og var kirkjan nánast fullsetin. Fram komu Fjallabæður og Magnús Þór Sigmundsson, en þemað var lög eftir Magnús Þór.

Árangurinn af tónleikunum varð sá að klúbburinn gat afhent Hveragerðisbæ tvö hjartaustuðtæki af bestu gerð. Tækin eru staðsett í íþróttamannvirkjum bæjarins en afhending fór fram á hátíðarfund. Auk þessa var Rauði krossinn studdur með fjárframlagi fyrir jólin en það var til þess að styðja við fjölskyldur sem þurftu stuðning yfir hátíðirnar.

Jólaballið var haldið á Hótel Örk annan dag jóla eins og undanfarin ár og í annað sinn héldu konur í LKL Eden ballið með körlunum. Naut klúbburinn þar stuðnings fyrirtækja í bænum, sem og Hótelins ásamt beinum fjárstuðningi fyrirtækja í Hveragerði og víðar.

Góðir gestir mættu til Hveragerðis og héldu stórskemmtileg og fróðleg erindi á fundum klúbbsins. Magnús Hannesson, Hveragerðingur og sendiulltrúi Utanríkisráðuneytisins, hélt fræðandi fyrirlestur um starfsemi ráðuneytisins. Árni Brynjólfur Hjaltason, umdæmisstjóri, hélt stórgott erindi um embættið og hlutverk hreyfingarinnar. Einnig komu Guðrún Þ. Valgeirsdóttir, svæðisstjóri, og Kristín Þorfinnsdóttir fjölmundamísritari, í heimsókn. Segja má að klúbburinn hafi eignast nýjan vinabæ með komu Jakobs Thomsen frá Lkl. Sandeyjar í Færeyjum sem sat einn fund með okkur á Hoflandssetrinu.

Viðurkenningar settu svip sinn á starfsárið. Leikfélag Hveragerðis og Hverabakari voru sérstaklega heiðruð á fundi á Hoflandssetrinu, fyrir dyggilegan stuðning við klúbbsinn til fjölda ára. Benjamín Jósefsson fjölmundamástjóri veitti Kristni G. Kristjánssyni Kjaransorðuna fyrir hönd Lionsklúbbs Hveragerðis. Þessi viðburður markaði tímamót í sögu hreyfingarinnar því þetta er í fyrsta skipti sem klúbbur hér á landi veitir þessa æðstu orðu Lions á Íslandi fyrir vel unnin störf. Rögnvaldur Pálmason fékk viðurkenningu frá fyrrverandi alþjóðaforseta fyrir vel unnin störf við að fjölga félagsmönnum. Birgir S. Birgisson fékk sömu viðurkenningu frá klúbbum. Á lokafundi félagsins var Vilmundi Kristjánssyni veitt sérstök viðurkenning fyrir ómetanlegt vinnuframlag sem ritstjóri og fjölmiðlafulltrúi Lionsklúbbs Hveragerðis. Ingvi Karl Jónsson

fékk viðurkenningu fyrir 15 ára starf í klúbbum og Axel Wolfram fyrir 25 ára starf. Einnig voru þeir Örn Guðjónsson og Sigurður Sigurdórssen gerðir að Melvin Jones meðlimum. Tilnefning til Melvin Jones kostar 1000 dollara og rennur sú upphæð í Alþjóðahjálparsjóð Lions. Klúbburinn tók þátt í forvarnarverkefni Lions innanlands. Loks gaf klúbburinn öllum nemendum í 1. og 2. bekk grunnskóla Hveragerðis litabækur, en þær eru forvarnarverkefni í brunavörnum heimila.

Í vetur var tekinn upp sá siður að vera með liðinn „Hver er ég - ég er“. Undir þeim lið kynna klúbbsmeðlimir áhugamál sín og fleira. Rögnvaldur Pálmason sagði frá áhugamáli sínu sem er rallyakstur. Kristján E. Jónsson er einn af okkar fremstu útskurðarmönnum. Kynnti hann þá vinnu og sýndi fallega smíðagrip. Sigurbjörn Bjarnason hefur fangað sögu Hveragerðisbæjar og nágrenni með myndavél og sýndi hann stórmerkilega ljósmyndasýningu á breiðtjaldi.

Í vor var farið í keiluférf með Edenkonum og unnu karlarnir stórsigur. Árangur má þakka nýjum félaga sem hefur ekki spilað keilu í áratug en Sigurbjörn Bjarnason er greinilega framtíðarmeistari klúbbsins. Í lok starfsársins var haldið í skemmtiferð til Grindavíkur þar sem Lionsklúbbur Grindavíkur tók á móti hópnum og kynnti bæjarfélagið. Meðal annars var farið í Saltfisksetrið, bíla- og búvélasafn og Hafrannsóknarstofnun, þar sem tilraunaeldi var skoðað. Lokafundurinn var haldinn í Salthúsinu en þar tók ný stjórn við.

Að lokum má nefna að léttleiki einkenndi fundina í vetur eins og áður og siðameistarinn stóð sig afar vel í þeim efnum ásamt að sekta mannskapinn. Að venju fengu margar góðar vísur og gaman-sögur að flakka. Léttleikinn er mikilvægur þáttur í að gera klúbbstarfið að áhugaverðum kosti í félagsmálum.

Stjórn Lionsklúbbs Hveragerðis 2014-2015 skipa: Finnur Jóhannsson formaður, Ingi Tómas Guðjónsson gjaldkeri og Kristján Á. Gunnarsson ritari.

Stjórn Lionsklúbbs
Hveragerðis.



Kristján Á. Gunnarsson ritari og Finnur Jóhannsson formaður

Tónar við hafið

Einar Clausen & Arnhildur Valgarðsdóttir



BLÁTT LÍTIÐ BLÓM EITT ER

Tenórinn Einar Clausen og píanóleikarinn Arnhildur Valgarðsdóttir flytja blómlega dagskrá í Þorlákskirkju, Þorlákshöfn. Þema tónleikanna er blóm, hlutverk þeirra og tilfinningagildi í ljóðasöng og dægurlögum.

23. júní kl. 20:00

Miðaverð 2.000 kr.

Bekkingarsetur Landgræðslunnar í Gunnarsholti

Í stjórnsáttamála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að efla skuli starfsemi ríkisstofnana út á landsbyggðinni. Það er því ánægjulegt að nú skuli vera tekin í notkun glæsileg aðstaða fyrir nemendur Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og aðra vísindamenn, innlenda og erlenda í Gunnarsholti. Nemendur munu flytja í Akurhól í Gunnarsholti á næstunni og dvelja í sumar.

Stefnt er að því að á öðrum árstímum verði þessi húsakynni nýtt fyrir vísindamenn sem ýmist eru í samstarfi við Landgræðsluna eða þátttakendur í vinnuhópum hjá Þekkingarsetri

Landgræðslunnar sem verður rekið í tengslum við Sagnagarð, fræðslu- og kynningarsetur Landgræðslunnar. Ennfremur er stefnt að námsskeiðahaldi í umhverfismálum í samstarfi við ýmsa aðila. Gunnarsholt hentar vel til slíkrar starfssemi. Þar er miðstöð þekkingar á verndun gróðurs og jarðvegs og á Rangárvöllum má lesa sögu aldalangrar landeyðingar og baráttu við hana.

Runólfur Sveinsson sandgræðslustjóri lét byggja embættisbústað í landi Gunnarsholts árið 1950, er hann nefndi Akurhól. Þar bjó hann með fjölskyldu sinni til 1954 þegar

Runólfur fór af slysförum og fjölskyldan flutti suður til Reykjavíkur. Síðar sama ár keypti heilbrigðisráðuneytið húsið og landið í kring og stofnsetti Vistheimilið í Gunnarsholti fyrir drykkju-sjúklinga, með því augnamiði að vistmenn ættu kost á að vinna við landgræðslu og búskapinn í Gunnarsholti. Á næstu árum var byggingin stækkuð. Ríkisspítalar önnuðust reksturinn og síðar LSH. Ríkisspítalar ráku einnig steypustöð í Gunnarsholti og trésmiðaverkstæði þar sem vistmenn störfuðu. Þær byggingar standa enn.

LSH hætti rekstrinum upp úr síðustu aldamótum. Síðan leigði heilbrigðisráðuneytið Götu-smiðjunni húsnæðið sem rak meðferðarheimili fyrir unga vímuefnaneytendur. Þeirri starfsemi var hætt á árinu 2007. Sama ár afhenti fjármálaráðuneytið Landgræðslu ríkisins



Ný húsnæðið Þekkingarsetur Landgræðslunnar í Akurhóli í Gunnarsholti. Ljósmynd: Sveinn Runólfsson.

forræði og umsýslu húsanna sem voru orðin mjög illa farin. Fasteignir ríkisins höfðu kannað aðstæður og töldu kostnað við að uppfylla kröfur um brunavarnir og heilbrigðismál vera slíkar að ekki væri gerlegt að

kosta lagfæringar. Það var því að mestu rífið í desember 2007 og ákveðið tveimur árum seinna að byggja við þann hluta sem eftir stóð. Því nú lokið og húsið tekið formlega í notkun 11. júní 2014.



Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi, flytur ávarp. Ljósmynd: Anne Bau.



Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri og Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi. Ljósmynd: Anne Bau.

Ný húsmóðir á Rein

Hlín Agnarsdóttir og leikstjóri hefur tekið að sér að reka gistihúsið Rein á Eyrarbakka í sumar en það er svokallaður bedda- og bitastaður. Húsið sem byggt var af Gísla Kristjánssyni er einstaklega fallegt enda teiknað af norskum



arkitekt í stíl frá aldamótunum 1900. Húsið fellur fallega inn í þorpsumhverfið á Eyrarbakka sem skartar mörgum gömlum húsum frá mesta blómaskeiði í sögu Bakkans. Á Rein eru þrjú tveggja-þriggja manna herbergi og býður Hlín upp á morgunverð sem er blanda af íslensku og

evrópsku hefð. Enn eru laus herbergi hjá Hlín í sumar en hún tekur bæði á móti erlendum og innlendum ferðamönnum. Nánari upplýsingar um gistihúsið á Rein má finna á www.rein-guesthouse.is og hægt er að panta herbergi í síma 777 5677.

Í heyskapinn

Eins og undanfarin ár þá bjóðum við hágæða rúlluplast/stórbaggaplast, net og garn frá þýska fyrirtækinu **Zill** einnig erum við með stæðuplast, undirplast, stæðunet og ýmislegt fleira fyrir heystæðurnar frá sama fyrirtæki.



Agrifol
rúlluplast 0,75x1500
Ljósgrænt -
Eftirálíming
**Verð án vsk.
kr. 11.900**
Agrifol
rúlluplast 0,50x1800
Hvít
Eftirálíming
**Verð án vsk.
kr. 10.470**



PolyStretch
rúlluplast
Dökkgrænt
0,75x1500
**Verð án vsk.
kr. 11.900**

Agrifol og PolyStretch rúlluplastið sameinar framúrskarandi teygjanleika og góða límingu.

Rúlluplastið er framleitt úr hágæða hráefni þ.e. DOWLEX™ efni sem er eitt best þekkt Polyethylene efnið og er notað þar sem þörf er á góðum teygjanleika og góðu þoli gagnvart UV geislum. **Plast fyrir þá sem gera kröfur!**

Brettatilboð
á rúlluplasti 0,75*1500
**Verð pr/rúllu án vsk.
kr. 11.600***

*Miðað við 40 rúllur á bretti af Polystretch og 30 rúllur af Agrifol



Polywrap
rúllunet 1,23x3000
Gott rúllunet sem virkar í allar rúlluvélar.
Verð án vsk. kr. 23.567

Rúllugarn - Stórbaggagarn



Límband
Sterkt límband til viðgerðar á rúlluböggum og stórböggum



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is



Íþróttir



FIMLEIKAR - FÓTBOLTI - FRJÁLSAR - HANDBOLTI - JÚDÓ - MÓTOKROSS - SUND - TAEKWONDO

Frábær sigur á Breiðabliki

Stelpurnar okkar unnu í síðustu viku frábæran sigur á Breiðabliki í Pepsi-deildinni. Lokatölur urðu 2-3 eftir æsispennandi lokamínútur.

Breiðablik hafði nokkra yfirburði í upphafi leiks en upp úr miðjum hálfleiknum tóku Selfyssingar öll völd á vellinum. Það var því nokkuð gegn gangi leiksins að Blikar skorðu fyrsta mark leiksins á 26. mínútu. Selfyssingar létu það ekkert á sig fæ og komust yfir fyrir hálfleik með glæsilegum mörkum frá Dagnýju Brynjarsdóttur og Ernu Guðjónsdóttur á tveggja mínútna kafla undir lok hálfleiksins.

Seinni hálfleikur einkenndist af mikilli baráttu. Selfyssingar vörðust vel, gáfu fá færi á sér og beittu á sama tíma öflugum skyndisóknum sem



Fögnuður Selfyssinga var ósvikinn í leikslok.

Mynd: Umf. Selfoss/Gissur

voru oft nálægt því að skila marki. Það voru þó Blikar sem náðu að jafna fimm mínútum fyrir leikslok. Selfyssingar lögðu ekki árar í bát heldur blésu til sóknar sem endaði með því að Guðmunda Brynja Óladóttir tryggði sætan sigur Selfyssinga í blálokin.

Eftir leikinn er Selfoss með 9 stig í 5. sæti deildarinnar. Næsti leikur er á JÁVERK-vellinum kl. 19:15 þriðjudaginn 24. júní þegar Íslandsmeistarar Stjörnunnar koma í heimsókn. Hvetjum alla Selfyssinga og Sunnlendinga til að fjölmenna á völinn og styðja stelpurnar.



Leikmenn framtíðarinnar á Þæjumóti TM í Eyjum

Selfoss átti þrjú lið á Þæjumóti TM í Eyjum sem fram fór 12.-14. júní. Liðin stóðu sig gríðarlega vel, baráttu og leikgleði í fyrirrúmi. Stelpurnar komu heim með Ísleifsbikarinn auk þess sem þær áttu eftirminnilegasta atriðið í hæfileikakeppni mótsins. Það var ánægður hópur sem stillti sér upp í myndatöku að loknu móti á laugardag.

Mynd: Umf. Selfoss/Lýður Guðmundsson

Egill Blöndal barðist um titilinn á NM 2014

Norðurlandamótið í júdó 2014 fór fram í Finnlandi helgina 24. til 25. maí og fór stór hópur keppenda frá Íslandi á mótið. Alls fóru 23 keppendur í flokkum undir 18 ára, undir 21 ára, kvennaflokkum og fullorðinsflokki.

Frá Selfossi fóru fjórir keppendur, Þór Davíðsson, Egill Blöndal ríkjandi Norðurlandameistari í undir 18 ára, Grímur Ívarsson og Úlfur Böðvarsson.

Egill Blöndal sem varð Norðurlandameistari 2013 í flokki undir 18 ára keppti nú í



Egill, lengst til vinstri með silfurverðlaunin.

nýjum flokki eða undir 21 árs og var því á fyrsta ári í sínum flokki. Egill stóð sig að vanda frábærlega og barðist til úrslita í -90 kg flokki en varð að sætta sig við annað sæti á minnsta mögulega mun.

Þór Davíðsson var öflugur að vanda og náði góðum árangri eða 3. sæti í -100 kg flokki fullorðinna (seniora) á mótinu.

Í yngsta aldursflokknum átti Selfoss tvo fulltrúa þ.e. Grímur Ívarsson, sem er 16 ára og keppti í -81 kg flokki, og Úlfur Böðvarsson, sem er 15 ára og keppti í -90 kg flokki. Þeir voru að fara í fyrsta sinn á Norðurlandamót og stóðu sig vel.

Júdomenn á Selfossi geta verið ánægðir með að hafa tekið tvö af fjórum verðlaunum Íslendinga á Norðurlandamótinu 2014.

Öll úrslit mótsins og myndbönd af flestum glímum mótsins má finna á heimasíðu félagsins www.umfs.is.

Magnús Ingi fyrstur að skora hjá Leikni

Selfoss varð fyrst liða í sumar til að finna leiðina að marki Leiknis þegar liðin gerðu 1-1 jafntefli í 1. deild á laugardag.

Bæði mörk leiksins komu í síðari hálfleik en það var Magnús Ingi Einarsson sem jafnaði leikinn fyrir Selfyssinga, þegar hann skoraði með skalla á 78. mínútu.

Eftir leikinn sitja Selfyssingar í sjötta sæti deildarinnar með 8 stig. Næsti leikur strákanna er laugardaginn 21. júní kl. 14 þegar BÍ/Bolungarvík kemur í heimsókn á JÁVERK-völinn.



Magnús Ingi skoraði mark Selfyssinga

Mynd: Umf. Selfoss/Gissur

Jónína Guðný með HSK met

Vormót ÍR fór fram 11. júní sl. og átti Selfoss fjóra keppendur sem allir stóðu sig með þryði. Hæst bar árangur Jónínu Guðnýjar Jóhannsdóttur sem bætti sig um rúmlega fjóra metra í sleggjukasti (4 kg) er hún kastaði 29,09 m. Hún varð í þriðja sæti og bætti um leið eigið HSK met í 15 ára aldursflokki stúlkna. Thelma Björk Einarisdóttir varð önnur í kringlukasti en auk þess kepptu Harpa Svansdóttir og Ólafur Guðmundsson á mótinu.

Öll úrslit mótsins má finna á heimasíðu félagsins www.umfs.is.



Líf og fjör í sundi

Á síðustu æfingu vetrarins fóru iðkendur í bronshóp í sundlauginu í Hveragerði þar sem þau áttu skemmtilega stund saman. Sunddeild Selfoss og hjálparar vilja koma á framfæri þökkum til allra fyrir frábæran vetur í sundi.

Mynd: Umf. Selfoss/Amanda



Íslandsmót í mótókross á Selfossi

Fyrsta mótókrossmót sumarsins sem gefur stig til Íslandsmeistara fór fram við frábærar aðstæður í braut Mótókrossdeildar Selfoss við Hrísmýri á laugardaginn. Um 90 keppendur voru skráðir til leiks í átta flokkum þar á meðal nokkrir frá Selfossi.

Mikill tími og vinna fór í að undirbúa mótssvæðið og brautina vikuna fyrir mótið. Var svæðið upp á sitt allra besta á keppnisdag og keppendur almennt mjög

ánægðir með umgjörðina og brautina. Selfyssingar stóðu sig vonum framar og höfðu sigur í fjórum flokkum auk þess að næla sér í fleiri verðlaun. Elmar Darri Vilhelmsson sigraði 85cc flokki, Axel Sigurðsson sigraði MX-B flokk, Heiðar Örn Sverrisson sigraði í MX-40+ og í unglingaflokki sigraði Þorsteinn Helgi Sigurðarson.

Næsta mót er á Akureyri 28. júní.

Er allt klárt fyrir golfsumarið?

SENDUM FRÍTT - SKIPTUM UM GRIP - LANDSINS MESTA ÚRVAL AF PÚTTGRIPUM

Ertu búin(n)
að huga að
gripunum?

PURE
grips
Allar gerðir af
TITLEIST boltum
Gerðu verð-
samburðCOLD FUSION
Sérhannaður
fyrir kalt
veðurfar

www.netgolfvörur.is - panta@netgolfvörur.is - s. 821-0152.

Finndu okkur á facebook

NETGOLFFVÖRUR.IS

Við leikskólann Óskaland Finnmark 1, Hveragerði er laus staða deildarstjóra og leikskólakennara

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir að taka þátt í faglegu starfi leikskólans.

Staða deildarstjóra:

Um er að ræða 100 % stöðu á deild fyrir 3ja til 6 ára börn.

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra að uppeldi og menntun leikskólabarna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs í samvinnu við leikskólastjóra

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi eða sambærileg réttindi áskilin
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Góðir skipulagshæfileikar

Stöður leikskólakennara:

Um er að ræða 100% stöður á mismunandi deildum.

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra að uppeldi og menntun leikskólabarna undir stjórn deildarstjóra

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi eða sambærileg réttindi
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum

Áhugasamir sendi umsóknir á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar Sunnumörk 2, 810 Hveragerði. Til greina kemur að ráða fólk með aðra reynslu/réttindi.

Frekari upplýsingar veitir Gunnvör Kolbeinsdóttir leikskólastjóri í síma: 865 6297 eða í tölvupósti á netfangið: oskaland@hveragerdi.is

Umsóknarfestur er til 10. júlí nk.

Umsóknareyðublöð má finna á vef Hveragerðisbæjar: www.hveragerdi.is

Starfið hentar jafn körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.



Leikskólakennari – spennandi verkefni –

Leikskólakennari óskast til starfa við leikskóladeild Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í Kerhólsskóla eru tvær leikskóladeildir þar sem lögð er áhersla á útveru og hreyfingu og að nýta náttúruna til útináms og listsköpunar. Kerhólsskóli hefur nú fengið grænánann í annað sinn.

Helstu verkefni og ábyrgð

Leitað er eftir leikskólakennara sem vinnur sem hópstjóri á deild. Hann vinnur að uppeldi og menntun leikskólabarna og tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs í teymisvinnu með kennurum og skólastjóra. Leik- og grunnskóladeildir Kerhólsskóla flytja í haust undir sama þak í nýjum og glæsilegum húsakynnum. Kennarar beggja skólastiga munu í sameiningu þróa skólastarfið og faglega samvinnu deildanna á komandi skólaári.

Hæfniskröfur

Leikskólakennaramenntun. Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg lipurð og sveigjanleiki í samskiptum. Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður. Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Stundvísi.

Starfið er laust frá 15. ágúst nk., eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til 26. júní.

Nánari upplýsingar gefur Sigmar Ólafsson skólastjóri í síma 482 2617, 863 0463 eða

sigmar@kerholsskoli.is;

Heimasíða skólans: <http://www.kerholsskoli.is>



Selfoss - Bí/Bolungarvík

1. deild á JÁVERK -völlinum

Laugardaginn 21. júní kl. 14:00

Allir á völlinn og hvetjum strákana okkar! Grillið verður funheitt fyrir leikinn.






Selfoss - Stjarnan

JÁVERK -völlinum

Þriðjudaginn 24. júní kl. 19:15

Allir á völlinn og hvetjum stelpurnar okkar! Grillið verður funheitt fyrir leikinn.




errea íþróttir

FIMLEIKAR - FÓTBÓLTÍ - FRJÁLSAR - HANDBÓLTÍ - JÚDÓ - MÓTOKROSS - SUNÐ - TAEKWONDO

Dagný spilaði allan leikinn gegn Dönum

Dagný Brynjarsdóttir var í byrjunarliði Íslands sem gerði, á sunnudag, 1-1 jafntefli við Dani í undankeppni HM 2015, en liðin mættust í Vejle í Danmörku. Dagný spilaði allan leikinn og stóð sig vel að vanda.

Ísland er með 10 stig í öðru Ísæti riðilsins, stigi á undan Dönum og Ísraelum. Í dag mætir liðið Möltuá Laugardalsvöllum og hefst leikurinn kl. 18:00.

Mynd: UMF Selfoss



Fréttatilkynning frá Garðyrkjufélagi Árnesinga

Miðvikudaginn 25. júní gengst félagið fyrir garðagöngu á Selfossi. Hittingur við blómabeðið í Tryggvagarði kl 20.00. Þaðan verður svo gengið og skoðaðir þrír garðar í Fagurgerði, Rauðholti og Merklandi.

Hverjir verða heimsmeistarar í knattspyrnu?

Argentína	Spánn	Holland	Brasilía	Ítalía
				
Aldis Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.	Einar Björnsson, hljóðmaður Selfossi.	Guðmunda Brynja Ólafsdóttir, knattspyrnukona Selfossi	Haraldur Magnús Kristjánsson, sóknarprestur í Vík.	Ólafur Elí Magnússon, íþróttakennari á Hvolsvelli



Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka



Frá Jónsmessuhátíðinni á Eyrarbakka.

Jónsmessuhátíð verður haldin á Eyrarbakka laugardaginn 21. júní í 15. skipti. Dagurinn byrjar með viðburðum fyrir fjölskylduna, m.a. kemur Brúðubillinn í heimsókn, hoppukastali og andlitsmálun verður í boði. Síðan má kíkja í heimsókn til valinkunnra Eyrbekkinga - Ellu og Vigfúsar í Garðshorni, Margrétar og Sverris í Bakaríinu, Eygerðar og Erlings í Simbakoti og Ástu Krístrúnar og Valgeirs í Bakkastofu. Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið bjóða frían aðgang og Rauða húsið verður með sérstakt Jónsmessutilboð.

Kvöldið hefst svo með hópsöng í Húsinu, hinu fornfræga Kaupmannshúsi, og hápunktur hátíðarinnar er Jónsmessubrennan í fjörunni. Fólk gleðst saman og fagnar bjartri sumarnóttinni við ljúfa tóna Bakkabandsins í bland við nið hafnsins. Hátíðin endar svo á Jónsmessudansleik í Hótel Bakka - gamla frystihúsinu. Aldurstakmark er 18 ár.

Eyrbekkingar vonast til þess að sjá sem flesta á Bakkanum á Jónsmessuhátíðinni 2014. Nánari dagskrá er birt á www.eyrabakki.is.



Leikjanámskeið á Sólheimum

Í sumar bjóða Sólheimar öllum börnum 6 ára og eldri í Grímsnes- og Grafningshreppi á leikjanámskeið. Á námskeiðunum verða útivist, náttúruskoðun, fræðsla og fjölbreyttir leikir. Fyrsta námskeiðið hófst 3. júní, en þau standa til 8. ágúst. Námskeiðin eru hálfan daginn alla virka daga kl. 13:00–16:00 og er mæting fyrir utan Sólheimahús. Leikjanámskeiðin eru styrkt af sveitafélaginu og er þátttaka án endurgjalds.

Á blíðviðrisdögum verður m.a. farið í sund og því nauðsynlegt að hafa sundfötin alltaf til taks. Nánari upplýsingar má fá hjá Valgeiri í valgeir@solheimar.is eða síma 847 1907 eða hjá umsjónarkonu leikjanámskeiðsins, Hólmfríður Frostadóttir í síma 820-7172.

Allir velkomnir í Bókasafnið í Hveragerði

Sumarlestur 6-12 ára barna er nú hafinn af fullum krafti. Á miðvikudögum drögum við fram spil og þrautir og kl. 13:30 er upplestur, getraun, farið í leiki eða eitthvað annað gert til skemmtunar fyrir þátttakendur í sumarlesturinum. Hægt verður að skrá sig í sumarlesturinn fram eftir sumri.

Við vekjum athygli á sýningunni sem nú er uppi á bókasafninu en það eru módelteikningar í akrýl eftir Grétu Berg Bergsveinsdóttur. Sýningin stendur stutt, aðeins til 26. júní, svo það er um að gera að drífa sig að skoða hana. Nú er líka verið að undirbúa safnarásýningu, en við höfum fengið gömul kvikmyndaprógröm frá Jónu Erlu Ásgeirsdóttur sem við ætlum að setja fram á næstu dögum.

Helgina 27.-29. júní, á Blóm í bæ, verður svo ný sýning, útstilling á garðabókum og tímaritum og einnig verður boðið upp á sögustund fyrir yngstu börnin í Lystigarðinum.

Allar nýjustu kiljurnar eru komnar á safnið, svo nú er bara að athuga hvað hægt er að ná í fyrir sumarfríð.

Allir eru velkomnir á bókasafnið.

Tungnaréttir vígðar á sumarsólstöðum

Tungnaréttir hafa staðið við fossinn Faxe í Tungufljóti frá árinu 1955. Síðan þá hefur margsinnis verið réttað þar, bæði sauðfé og hrossum, jafnvel eintómu fólki. Síðastliðin tvö sumur hafa Tungnamenn endurbýgt réttirnar, þær voru orðnar ónýtar og ekki dugði lengur að lappa upp á þær. Til að standa að endurbýggingunni og afla fjár til framkvæmdanna stofnuðu bændur félagið Vini Tungnarétta með þátttöku allra þeirra sem bera hag Tungnarétta fyrir brjósti. Vini Tungnarétta hafa haft allar klær úti til að aura saman fyrir efninu og unnið takmarkalausa sjálfböðavinnu við bygginguna sjálfa. Oft er sagt að margar hendur vinni létt

verk. Það hefur sannast við endurbýggingu réttanna, en einnig má segja að hér hafi samhentur hópur manna lyft grettistaki með góðri aðstoð fjölmargra sem komu að verkinu á einn eða annan hátt.

Laugardaginn 21. júní verða nýju réttirnar vígðar við hátíðlega athöfn og hefst samkoman kl. 14.00. Við bjóðum öllum vinum Tungnarétta, formlegum sem óformlegum, að koma í réttirnar þennan dag til að fagna verklokunum í með okkur og til að afhenda sveitarfélaginu Bláskógabyggð hið nýja mannvirki.

Stjórn félagsins Vini Tungnarétta.



Handverk í Herjólfshúsi í sumar



Herjólfshúsið í Þorlákshöfn Hopnaði á ný laugardaginn 31. maí sl., en þá stóðu Hafnardagar sem hæst. Er þetta þriðja árið sem húsið er opið. Ýmislegt var um að vera niður á bryggju og fjölmargir kíktu við í kaffi og vöflur.

Í sumar verður Herjólfshúsið opið alla daga kl. 10-17, en reksturinn er í höndum Handverksfélags Ölfuss. Handverk frá listafólki í sveitarfélaginu er því auðvitað miðpunktur starfseminnar, en einnig er til sölu humar, kjötvörur beint frá býli, harðfiskur og söl. Kaffi, gos og vöflur verða á boðstólum fyrir þá sem vilja fá sér hressingu og njóta um-

hverfisins á gamla heimili Herjólfshúsins. Eins og áður er Herjólfshúsið einnig upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn sem eiga leið um svæðið. Þá má ekki gleyma að bæði ungir sem aldnir geta fengið lánaðar veiðistangir og reynt fyrir sér í dorgveiði á bryggjunni.

Ýmislegt er á döfinni hjá Herjólfshúsinu í sumar. Má þar helst nefna skottisölu og bryggjudaga. Það er því tilvalið að kíkja við einhvern daginn, skoða handverkið og fá sér kaffisopa. Þá heldur Herjólfshús úti Fésbókarsíðu þar sem hægt er að nálgast allar frekari upplýsingar.



Hinar árlegu körfuboltabúðir FSu verða haldnar 23.-26. júlí næstkomandi. Í ár koma tveir frábærir þjálfarar frá Bandaríkjunum, þeir Mike Olson og Ryan Thomson. Mike Olson, sem þjálfaði í búðunum í fyrra, er aðalþjálfari Kimball Union Academy. Það lið spilar í sterkustu High School deild í Bandaríkjunum. Þess má geta að þar hafa um fimmtíu NBA leikmenn farið í gegn. Mike er einnig aðalþjálfari u-18 ára landsliðs Bandaríkjanna og stjórnar American Elite Placemnet Agency, en það er einmitt sú stofnun sem körfuboltabúðir FSu eru settar upp í samstarfi við. Mike Olson þjálfaði rúmlega 20 tímabil í NCAA háskóladeildinni. Ryan

Thompson er aðalþjálfari Hazen High School í Seattle, en var áður hjá Jamestown háskólanum. Ryan vinnur mikið við að koma erlendum nemendum fyrir í skólum í Bandaríkjunum og hefur unnið mikið með American Elite Placement Agency. Erik Olson, aðalþjálfari FSu á Selfossi, mun einnig þjálfari í búðunum en hann er nýkomin heim eftir að hafa starfað sem aðstoðarþjálfari hjá u-18 ára liði Bandaríkjanna. Skemmtilegir gestaðalþjálfarar og aðrir gestir kíkja í heimsókn og á lokadegi verður þjálfaranámskeið líkt og í fyrra. Búðirnar eru opnar öllum á aldrinum 8-20 ára og jafnvel eldra ef óskað er. Eftir búðirnar á Selfossi munu þær leggja land undir fót og verða á Akureyri.

BÍLAR



Bífléðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bífléða
og almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Shell smurþjónusta
ÞJÓNUSTUUMBOÐ SELFÖSSÍ



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU
Sími 696 1752

Al-Anon
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 21:00, Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla sunnudaga kl. 16
Hrísholti 8, Selfossi (AA húsið).
Nánari upplýsingar coda.is.

AA
Fundir alla miðvikudaga
kl. 19:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is

Þórhallur kemur 24. júní.
Nuddherbergið okkar er til
leigu, bakkur á staðnum.
Uppl. og tímapantanir í síma
861 2150.

Sálarrannsóknarfélagið
Austurvegi 26, Selfossi
(bak við pósthúsið)



HEILSA

Dáleiðsla - heilsuráðgjöf -
nudd - svæðanudd

Svæðanudd, nudd, augnlestur,
heilsuráðgjöf, einnig dáleiðsla en
með dáleiðslu má m.a. finna rót
heilsuvandamála, aðstoða fólk við
að hætta að reykja, bæta árangur
á mörgum sviðum, upplifa brot úr
fyrri æviskeiðum, vinna að æski-
legri líkamsþyngd og margt fleira.
Vinn einnig með kenningar Edgars
Cayce um grunn góðrar heilsu
með hollu mataræði, með líkams-
rækt og jákvæðu hugarfari.
Bókanir í síma 898 1501.

Heiðar Ragnarsson,
Heilsulindinni, Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi

CRANIO og DÁLEIÐSLA
Byð upp á tíma í höfuðbeina-
og spjaldhryggsgjöfnun
(Cranio) sem er mjög djúp-
verkandi og áhrifamikil
meðferðaform bæði fyrir börn
og fullorðna og dáleiðslu.
Einnig vantar mig með-
leigjanda í nuddherbergi.
Bekkur á staðnum.

Guðmundur Rúnar,
s: 898 4377.

ÞJÓNUSTA

KJARNA-BÓKHOLD

Austurvegi 6 - 800 Selfossi
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Ráð í rekstri!



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFÖSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

• STEYPUSÖGUN • KJARNA-
BORUN • INNRÖMMUN •
• FLUTNINGAR •

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spegla og fleira.
Opíð frá kl. 12-20 virka daga,
og þess utan ef einhver er við.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 482 2319 - 893 9068.
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

X5

Persónuleg þjónusta

Bílavíðgerðir
Hjólbarðasala
Hjólbarðapjónusta
Gagnheiði 34 S: 893-3305
SUNNY WANLI

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27- 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Launavinnsla
Reikningaskrif

Greiðslumat
Greiðsluerfiðleikamat
Persónuleg þjónusta

Taxi Hveragerði

5 - 8 manna bílar
sími 483 4200

BARNAGÆSLA

Er með laust pláss fyrir næsta
haust. Öll tilskilin leyfi. Uppl. í
síma 777 2701, Nína.

TAPAD - FUNDID

Skærgul húfa
fannst í Miðbæjargarðinum (á
Kótelettunni). Eigandi getur
vitjað þeirra í afgreiðslu
Prentmets Suðurlands, Eyra-
vegi 25.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa kl. 11. Prestur Axel Á
Njarðvík. Organisti Jörg
Sondermann. Súpa í hádeginu
gegn vægu gjaldi. Allir
velkomnir, sjá nánar á www.
selfosskirkja.is

ÓSKILAMUNIR

Óskilamunir á Frón

Á skemmtistaðnum Frón eru
margir óskilamunir. Hægt er
að fá upplýsingar um þá með
því að senda tölvupóst á
fron@fronclub.is

HÚSNÆÐI Í BODI

Búseturéttur

Glæsileg íbúð í Hveragerði,
110 fm + bílageymsla -
aðgangur að veislusal.
Búseturéttur 3.750.000 kr. eða
tilboð + 160.000 kr. pr. mán.,
allt innifalið nema hiti og
rafmagn. Endilega komið og
skoðið. Getur losnað fljótlega.
Uppl. í síma 691 8961.

JARDNÆÐI

100 hektara jörð,
til sölu í Flóahreppi.
Einbýlishús, bílskúr, verkfæra-
geymsla og fjós. Uppl. í síma
899 5863.

TIL SÖLU

Íslenskir hænuungar
til sölu, 1000 kr. stk. Uppl. í
síma 866 2266.



Rafskutla til sölu

var keypt í Eirberg í maí/júní
2013. Skutlan er lítið notuð
og í mjög góðu standi. Tilboð
og nánari upplýsingar í síma
846 1485.

9 milljónir í
aðstöðu fyrir ferða-
menn í Kerlingar-
fjöllum

Hrunamannahreppur fékk
Útlutaðar 9 milljónir
króna úr framkvæmdasjóði
ferðamannastaða vegna
endurbóta á aðstöðu fyrir
ferðamenn í Kerlingar-
fjöllum. Sveitarstjórn hefur
falið sveitarstjóra að útfæra
framkvæmdina í samráði við
Kerlingarfjallavini og Fann-
borgarmenn.

Staða leikskólastjóra
í Leikholti

Í Skeiða og Gnúpverjahreppi er laus staða
leikskólastjóra Leikholtis. Leikskólinn er stað-
settur í þéttbýliskjarnanum í Brautarholti.

Leitað er eftir einstaklingi sem býr yfir
leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að efla og
leiða uppeldis- og menntastarf í Leikholti.

Starfssvið

- Vera faglegur leiðtogi og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.
- Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun ásamt framhalds-
menntun á sviði stjórnunar.
- Kennslureynsla í leikskóla eða reynsla af
stjórnun leikskóla.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Leikholti dvelja að jafnaði
rúmlega 30 börn á tveimur deildum. Sjá nánar
á <http://leikskolinn.is/leikholt>.

Ráðið verður í stöðuna til eins árs með
möguleika á framhaldi.
Starfsferilskrá fylgi umsókna ásamt
kynningarbréfi umsækjanda.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer
Tómasson sveitarstjóri í síma 486 6100 eða
861 7150. Netfang kristofer@skeidgnup.is

Umsóknarfrestur er til 1 júlí næstkomandi.

Í Skeiða og Gnúpverjahreppi eru um 540 íbúar.
Aðalatvinnuvegur er landbúnaður. Auk þess er
ferðaþjónusta og iðnaður stundaður í nokkrum mæli.
Þéttbýliskjarnar eru í Árnesi og á Brautarholti. Grunnskóli,
sundlaug og bókasafn er í sveitarfélaginu. Náttúruperlur
og sögustaðir eru margir í sveitarfélaginu.

ATVINNA

Sumarafleysingamann vantar í júní,
júlí og ágúst í Pakkhúsið á Hellu.

Parf að hafa réttindi til að keyra
3 1/2 tonna sendibíl.
Uppl. í síma 669 1110.
Þorsteinn.

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



FROST mark ehf.
www.frostmark.is
Kælikerfi - Frystikerfi
Hönnun - Sala - Þjónusta
Gagnheiði 69 • 482 3595 • 544 5858

SELÓS
GLUGGAR • HURÐIR • DNKRÉTINGAR
STOFNAD 1973
Gagnheiði 72 • 800 Selfoss
Sími 482 4100 • www.selos.is



Einar Björnsson aðalskipuleggjandi Kótelettunnar.

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir
fasteigna fyrir fyrirtæki,
húsfélög, einstaklinga
og sumarhúsaeygendur.
• múrviðgerðir • pípulagnir
• þakviðgerðir • raflagnir
• málningarvinna • flísalagnir
• trésmíðavinna • jarðvinna
• gluggaskipti • hellulagnir
• glerskipti
Sveppagreining og allar almennar
greiningar á fasteignum
Sími 665 4984
sudurland@vidhald.is
www.vidhald.is

Bílasprautun - Bílaréttingar -
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**Raf- og Kæli-
þjónustan** ehf.
Sími 692 4649
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og
frystikerfum • Ísskápa viðgerðir
• Almennar raflagnir

FRÓN
heittasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi
Fim. 19. júní: Hið sívinsæla
Uppistand The Comedy Club kl 21:30
5 ískaldir í fötu á 2.500
Fös. 20. júní: Föstudagsfiðringur með
DJ NO NAME. '80- '90 tónlist í bland
við vinsælustu lögin! Þú getur unnið
flöskubórð á Facebook!
Lau. 21. júní: Meistari Andri Ramirez
þeytir skífum og heldur dansgólfinu
sjóðheitu! Frónskot á 500 fyrir þá
sem taka snúning við barinn!
Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyraveggi 35 / 800 selfoss

Stemning og gleði í hverju horni

„Kótelettan gekk mjög vel. Það var mikil stemning og gleði í hverju horni. Á laugardeginum var gríðarlegur fjöldi fólks á Selfossi. Þetta var tvímælalaust stærsta hátíðin sem við höfum haldið. Talnaspekingar hafa sagt mér að fjöldinn hafi verið á bilinu 15 til 20 þúsund manns sem hafi heimsótt Selfoss um helgina,“ sagði Einar Björnsson aðalskipuleggjandi Kótelettunnar sem fram fór um liðna helgi.

„Bærinn var fullur af fólki og mikil ánægja á meðal gesta. Svo er líka gaman að finna að hátíðin fær góðar undirtektir hjá heimamönnum og fyrirtækjum í bænum. Það var mjög góð þátttaka í grillkeppninni og mjög víða grillað. Við fengum um 80 myndir sendar. Flottasta grillveislan árið 2014 var hjá Andra Hrafn Hallssyni og félögum í Ártúni 1. Keppnin um grillmeistara Kótelettunnar 2014 tókst líka mjög vel en það var Anton Örn Eggertsson sem varð



Sigurður Ingi, ráðherra, og Jói Fel smakka á dýrindis grillréttum.

grillmeistari að þessu sinni,“ sagði Einar.

„Kótelettan hefur náð að festa sig vel í sessi og hátíðin í ár var skref í átt að enn stærri hátíð. Svona fjölmenn hátíð skiptir mjög miklu máli fyrir bæjarfélagið því samlegðar-áhrifin eru svo mikil. Veitinga- og þjónustustaðir í bænum áttu fullt í fangi með að anna eftirspurn en ég held að þegar lítið er til baka séu menn almennt sáttir við“, sagði Einar.

-ög



Flottasta grillveislan var í Ártúni 1.

TAXI
SELFOSSI
SÍMI 482 3800
Opíð allan
sólarhringinn
um helgar

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurpionusta
Betri vörur - betra verð

Bændamarkaðurinn
EFRA SELI
3 km. frá Flúðum
Opíð alla daga frá kl. 11-18.
Sími 820 7590

FASTEIGNAVIÐHALD
Viðhald og nýsmíði fyrir fyrirtæki,
húsfélög, einstaklinga,
sumarhúsaeygendur og aðra
fasteignaeigendur
Trésmíði innan- og utanhúss
* Mótauppsláttur * Málningarvinna
* Steypuvinna * Gluggaskipti
* Múrviðgerðir * Glerskipti
* Þakviðgerðir * Almennar raflagnir
* Bæðherbergis- * Flísalagnir
viðgerðir
Myglusveppagreining
og greining á öðrum
vandamálum
Stjörnumót ehf.
Sími 863 8527

**HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990
Verslun við litla manninn

BÓNFÉÐGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

VÖRUFLOTNINGAR
Reykjavík - Árnassýsla
Sækjum vörur í Reykjavík.
Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
Vörumóttaka - Héðinsgata 1-3
Nesfrakt

Josera.
super premium
gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

FYLGD
Útfararþjónusta
Vistvænar íslenskar kistur
Þjónusta allan sólarhringinn
Sími 482 4300
Netfang: fylgd@fylgd.is - Vefsíða: fylgd.is

**Vinnuvélanámskeið
Meiraprófsnámskeið**
Eyravegi 55, Selfossi - Þráinn, sími 892 9594 - www.okuskoli.is

...í réttum gæðum
Gluggar Útihurðir Sérsmíði
GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

**LJÓSMYNDASTOFA
SUÐURLANDS**
ATH! Breytt heimilisfang
Eyravegur 38
www.filmverk.is
FILMVERK